

TOLL PÓSTURINN

FRÉTTABRÉF TOLLSTJÓRANS Í REYKJAVÍK,
JÚLÍ 2008



Meðal efnis:

Bifreið með búnaði til að gegnumlýsa gáma tilbúin í vetur

Vanskil á vörslufé

Skipavaktin í máli og myndum



Efnisyfirlit

- 03 Gott samstarf tollgæslu og löggæslu
- 04 Bifreið með búnaði til að gegnumlýsa gáma tilbúin í vetur
- 06 Vanskil á vörslufé
- 08 „Þú finnur það mjög fljótt hvort þetta á við þig eða ekki“
- 10 Upplýsingaskylda embættisins
- 12 Í góðu líkamlegu formi: starfsmenn tollstjóra taka sér tak
- 13 Nýjungar í hádeginu
- 14 Skipavaktin í máli og myndum
- 18 Der kleine Unterschied... eða afturhverft menningarsjokk
- 20 Tollskóli ríkisins
- 22 Heimspeki í Tollskólanum
- 23 Nýliðakynning
- 24 Könnun SFR: Stofnun ársins
- 25 Skrifstofa tollstjóra
- 26 Farmvernd sem hluti af siglingavernd
- 27 TBR námskeið



Tollpósturinn

Fréttabréf tollstjórans í Reykjavík,
10. árg., 1. tbl.

Ábyrgðarmaður: Snorri Olsen

Ritstjóri: Björn Gíslason (bg)

Ritnefnd:

Guðmundur Jónasson (gj)

Jóhanna Lára Guðbrandsdóttir

Linda Rut Benediktsdóttir

Sigfríður Gunnlaugsdóttir (sg)

Ljósmyndari: Ómar Ragnarsson (ór)

Prófarkalestur: Sigfríður Gunnlaugsdóttir

Netfang: frettabref@tollur.is

Forsíðumynd: Frá Sundahöfn

Hönnun/umbrot: 2B Hönnunarstofa

Prentun: Litlaprent



Gott samstarf tollgæslu og löggæslu

Þann 4. júní sl. var undirritað samkomulag á milli tollstjórans í Reykjavík og lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu um samstarf og samvinnu á sviði fíkniefnamála. Tilgangur þessa samkomulags er að efla og styrkja gott samstarf embættanna. Í þessu samkomulagi felst m.a. að embættin hafa með sér samvinnu um rekstur og þjónustu fíkniefnaleitarhunda í tengslum við rannsóknir fíkniefnamála og önnur verkefni tengd þeim á höfuðborgarsvæðinu. Í því felst að hunda-teymi tollstjórans í Reykjavík mun samhliða öðrum verkefnum sinna beiðnum lögreglustjórans um aðstoð við húsleitir, leitir í bílum og önnur verkefni þar sem þörf er á sérþjálfuðum fíkniefnaleitarhundum.

Samkvæmt samkomulaginu ber tollstjórinn í Reykjavík ábyrgð á rekstri, þjálfun og öðru sem snýr að fíkniefnaleitarhundunum en lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu leggur til sem nemur kostnaði við einn leitarhund,

samkvæmt nánara samkomulagi embættanna.

Í samkomulaginu kemur auk þess fram að tollstjórinn í Reykjavík og lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu hafa með sér samvinnu við rannsóknir á innflutningi, sölu og dreifingu fíkniefna auk greiningarvinnu og felst í því m.a. að starfsmenn embættanna hafa gagnkvæman aðgang að starfsaðstöðu og aðstoð starfsmanna. Embættin munu sameiginlega skipuleggja fræðslu og kynningar fyrir starfsmenn sína og efla á aðra lund samvinnu þeirra og samstarf.

Samkomulagið skal endurskoða eigi síðar en innan árs frá undirrituninni. Jafnframt skal öllum upplýsingum um fjölda aðstoðarbeiðna og önnur atriði sem máli skipta haldið til haga. Embættin skulu hvort um sig tilnefna einn tengilið og skulu þeir sameiginlega sinna því verkefni að hafa eftirlit með framkvæmd samkomulagsins, halda saman tölfræðiupplýsingum og

leysa úr verkefnum og spurningum sem upp koma og samkomulaginu tengjast.

Þrátt fyrir að á undanförunum árum hafi samstarf embættanna verið mjög gott er enginn vafi á því að þetta samkomulag mun efla og bæta það samstarf enn frekar. Eins og öllum ætti að vera kunnugt er baráttan gegn innflutningi og dreifingu á ólöglegum fíkniefnum hér á landi eitt af forgangsverkefnum toll- og löggæslu. Til þess að ná sem mestum árangri á þessu sviði er mikilvægt að þær stofnanir sem vinna að málaflokknum eigi með sér gott samstarf og sú sérhæfing og hæfni sem er til á hverjum stað sé nýtt í þágu heildarinnar. Telja verður víst að þetta samkomulag leggi grunn að enn meiri árangri í baráttunni gegn ólöglegum fíkniefnum enda er gott samstarf tollgæslu og löggæslu forsenda þess.

Snorri Olsen tollstjóri



Samskonar bifreið og tollgæslan fær

Bifreið með búnaði til að gegnumlýsa gáma tilbúin í vetur

Í nóvember 2006 samþykkti ríkisstjórnin að tillögu fjármálaráðherra að embætti tollstjórans í Reykjavík yrði heimilað að leita tilboða í gegnumlýsingarbifreið með það að markmiði að efla aðgerðir gegn fíkniefnasmygli og auka öryggi vöruflutninga.

Umræðan um gámagegnumlýsingarbifreiðar hafði þá staðið yfir um talsvert skeið og var þegar farið að skoða hvers konar tæki hentuðu best til notkunar hér á Íslandi. Fulltrúar frá embættinu skoðuðu gegnumlýsingarbifreiðar í Danmörku, Svíþjóð, Noregi og Þýskalandi með það fyrir augum að ræða við tollverði sem starfandi voru við bifreiðarnar og fá að heyra beint frá þeim hvaða kostir og gallar væru helstir við tækin. Einnig var vinnutilhögun, launamál, öryggismál o.fl. athugað hjá kollegum okkar á Norðurlöndunum til þess að við gætum betur áttað okkur á umfangi starfseminnar í kringum gámagegnumlýsingarbifreiðar.

Góðar röntgenmyndir skipta mestu

Það varð fljótlega ljóst eftir þessar heimsóknir okkar að gæði röntgenmyndanna voru algjört lykilatriði og skyldi taka þann kost fram yfir flesta aðra kosti sem bifreiðarnar buðu upp á. Þá var einnig ljóst að þær bifreiðar sem búnar voru röntgentækni buðu upp á mun betri myndgæði en þær sem notuðust við gammataekni. Í stuttu máli er munurinn á þessum tveimur aðferðum við gegnumlýsingu sá að gamma-tæknin notast við „lifandi geislalind“ en röntgenbifreiðarnar notast við línuhraðal sem framleiðir geislann. Gamma-bifreiðarnar krefjast strangari öryggisreglna vegna þess að um „lifandi geislalind“ er að ræða en línuhraðallinn í röntgenbifreiðunum er algjörlega hættulaus þegar slökkt hefur verið á honum.

Útboðsferlið

Eftir heimsóknirnar var tekin saman greinargerð um gámagegnumlýsingartæki á Norðurlöndunum og í framhaldi af samþykkt ríkisstjórnarinnar um að leitað yrði tilboða í gámagegnumlýsingarbifreið hófust viðræður við Ríkiskaup.

Mikil vinna var lögð í útboðsferlið með það að meginmarkmiði að bifreiðin yrði sú besta til þessa, á Norðurlöndunum að minnsta kosti. Hönnun útboðslýsingarinnar tók talsverðan tíma en við fengum ómetanlega aðstoð frá kollegum okkar hjá dönsku tollgæslunni sem höfðu þá nýlega gengið í gegnum áþekkt ferli. Þeir höfðu gert mjög svipaðar kröfur og við höfðum í huga og gátum við haft þær til hliðsjónar og betrubætt í ljósi fenginnar reynslu.

Tilboð voru opnuð í ágúst 2007 í húsakynnum Ríkiskaupa og átti Nuctech Company í Kína lægsta boðið. Eftir tæplega þriggja mánaða vinnu við samningsgerð undirritaði tollstjórinn í Reykjavík samning við Nuctech um kaup á MT1213LH gámagegnumlýsingarbifreið þann 29. nóvember sl. við mikla athöfn í Beijing.

Nuctech er stórt og framsækið fyrirtæki sem framleiðir gegnumlýsinga- og öryggistæki og er fyrirtækið þekkt fyrir góðar vörur og einstaklega góða þjónustu við viðskiptavinina sína. Þeir hafa selt framleiðslu sína til yfir 60 landa og er búnaður frá þeim notaður hjá fyrirtækjum og stofnunum í flestum heimsálfum: allt frá heitustu löndum jarðar til Íslands. Nuctech er í miklum tengslum við háskólann í Beijing sem hefur menntað marga snillinginn á sviði tæknimála og hefur fyrirtækið notið góðs af því við tæknilega þróun á þeim vörum sem það býður.

Billinn og búnaðurinn

Eins og áður hefur komið fram verður gámagegnumlýsingar-



bifreið tollstjórans í Reykjavík sú fullkomnasta á Norður-löndunum, búin allri nýjustu tækni sem í boði er frá Nucotech í dag. Gegnumlýsingartækið er byggt á Volvo FM series grind og verður bifreiðin tæplega tólf metra löng, tveir og hálfur metri á breidd og tæplega fjórir metrar á hæð.

400 hestafla díselmótor bifreiðarinnar á eftir að bera hana auðveldlega yfir helstu heiðar landsins, loftfjöðrun á öllum hjólum sér til þess að vel fari um farþega og bílstjóra á lengri ferðum og tólf gíra Smart Transmission sjálfskiptingin gerir aksturinn auðveldan. Í bifreiðinni er einnig GPS staðsetningartæki, Tetra talstöðvarkerfi, bakkmyndavél, þráðlaust net, faxtæki, skanni, myndavélaeftirlitskerfi, vindhraðamælir, og meira að segja ísskápur svo eitthvað sé nefnt.

Gegnumlýsingartækið sjálft mun gera okkur kleift að sjá hvað leynist á bakvið allt að 320 mm af stáli. Tölvukerfið er mjög fullkomið og hannað með það að markmiði að gera notandanum auðveldara að sjá smygl sem falið er í gámum. Einnig heldur kerfið utan um alla tölfraði fyrir bifreiðina í heild sinni og svo fyrir hvern notanda fyrir sig. Allar gegnumlýsingar eru skráðar og hægt er að vista myndirnar inn í kerfið ásamt tilheyrandi gögnum, svo sem farmbréfi og öllum öðrum gögnum sem kunna að fylgja sendingum.

Embættið hefur sett sér það markmið að hafa alla um-

gjörð í kringum bifreiðina sem besta til að hægt verði að tryggja að verkefnið skili árangri. Miklar kröfur verða gerðar til þeirra sem koma til með að starfa við bifreiðina og vandað verður til verka við að velja þá starfsmenn. Umsækjendur munu t.d. þurfa að gangast undir litblindu- og myndgreiningarpróf. Ekki verður staðar numið við inn-tökuprófin því starfsmenn munu þreyta próf til þess að fá leyfi til að starfa við bifreiðina sem síðan þarf að endurnýja á ári hverju. Um er að ræða svipað kerfi og hundabjálffarar embættisins starfa eftir hvað varðar úttektir og þjálfun. Markið er sett hátt og ætlum við okkur að vera meðal bestu gegnumlýsingarteyma í heimi. Það dugar ekki að kaupa bestu tæki sem völ er á ef að þeir starfsmenn sem starfa við þau fá ekki góða þjálfun.

Bifreiðin á eftir að valda byltingu í vinnutilhögun tollgæslunnar og komum við til með að geta aukið fjölda skoðaðra gáma um mörg hundruð prósent. Bifreiðin er væntanleg til landsins í lok október og á að vera tilbúinn til notkunar í lok nóvember samkvæmt verkáætlun frá Nucotech. Verksmiðjuprófanir fara fram í lok september og verður bifreiðin send til landsins um leið og þeim er lokið.

Guðni Markús Sigmundsson deildarstjóri



Vanskil á vörslufé

Hvað eru vanskilamál?

Ein tegund mála vegna brota á skattalögum er í daglegu tali nefnd vanskilamál. Er ætlunin hér að gera stuttlega grein fyrir þessum málaflokki – rannsóknum og refsimeðferð. Er rétt að tiltaka strax í upphafi að í grein sem þessari verður efninu aldrei gerð ítarleg skil, heldur lagt upp með að lesendur verði nokkurs vísari um meðferð málaflokksins.

Orðið „vanskilamál“ er ekki lögbundið heiti. Að jafnaði er orðið látið taka yfir mál sem varða brot á lögum um virðisaukaskatt og lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, sem felast í því að gjaldandi hefur staðið skil á skýrslum eða skilagreinum til skattyfirvalda, þar sem réttilega er gerð grein fyrir virðisaukaskatti eða staðgreiðslu, en án fullnægjandi greiðslu til ríkissjóðs. Oft er talað um vanskil á vörslufé þótt það sé strangt til tekið ekki réttnefni að því er virðisaukaskatt varðar þar sem í reynd er um að ræða vanskil á innheimtufé ríkissjóðs.

Þessi brot teljast ekki til skattsvika eins og það hugtak er skilgreint í 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 373/2001, um framkvæmd skatteftirlits og skattrannsókna. Andstætt skattsvikum hafa rangar eða villandi upplýsingar ekki verið gefnar skattyfirvöldum, né hefur verið vanrækt að gefa upplýsingar.

Leynd er sjaldnast yfir brotunum þar sem fyrir liggja skýrslur og skilagreinar frá gjaldendum, andstætt skattsvikum þar sem tekjur eru oft dular. Hafi skattstofnar verið áætlaðir af hálfu skattyfirvalda skortir það skilyrði sam-

kvæmt framanrituðu að skil hafi verið gerð á skýrslum eða skilagreinum til skattyfirvalda.

Rannsóknir skattrannsóknaðstjóra

Rannsóknir á vanskilamálum hófust hjá embætti skattrannsóknarstjóra ríkisins á árinu 1994 en áður var óþekkt að skattyfirvöld aðhefðust eitthvað vegna slíkra brota¹.

Rannsóknaraðgerðir skattrannsóknaðstjóra felast í aðalatriðum í því að kanna hvort skýrslur virðisaukaskatts og skilagreinar staðgreiðslu opinberra gjalda sem staðin hafa verið skil á til skattyfirvalda séu efnislega réttar. Aflað er hreyfingalista bókhalds, sé hann til staðar, og skýrslur og skilagreinar bornar saman við hann. Skýrslur eru teknar af gjaldanda eða fyrirsvarsmönnum hans sé um lögaðila að ræða þar sem gögn málsins eru borin undir þá, afstaða þeirra til brotanna rannsökuð, svo og ástæður vanskilanna. Greiðslustaða gjaldandans við ríkissjóð er grundvallaratriði við rannsókn málanna, sem og þær greiðslur sem gjaldandi hefur innt af hendi til ríkissjóðs og ráðstöfun þeirra inn á hina ýmsu gjaldflokka.


Rannsókn vanskilamáls tekur að jafnaði mun skemmri tíma en rannsókn skattsvikamáls. Skýrist það einkum af því

¹ Árlega lýkur skattrannsóknaðstjóri rannsókn á nærri 80 vanskilamálum og að þeim rannsóknum starfa tveir starfsmenn. Við aðrar skattrannsóknir starfa þrettán starfsmenn og lauk rannsókn 70 slíkra mála á liðnu ári.

að til grundvallar málinu liggja skýrslur virðisaukaskatts og skilagreinar staðgreiðslu sem frá gjaldendum sjálfum eru komnar. Ekki er því þörf á öflun sönnunargagna frá þriðja aðila með sama hætti og títt er í málum þar sem skattstofnar eru undandregnir.

Mál sem varða vanskil á vörslufé og sæta rannsókn hjá skattrannsóknarstjóra eiga uppruna sinn víða. Þannig berast til skattrannsóknarstjóra mál frá ríkislögreglustjóra sem þangað berast t.d. frá skiptastjórum þrotabúa. Nokkuð berst af ábendingum frá innheimtumönnum ríkissjóðs. Eins yfirfara sérfræðingar skattrannsóknarstjóra reglulega vanskilalista tekjubókhalds ríkissjóðs.

Á nýliðnu ári voru vanskil að meðaltali hjá hverjum gjaldanda sem sætti rannsókn hjá skattrannsóknarstjóra mun hærri en næstu ár þar á undan. Sömuleiðis voru samanlögð vanskil allra mála hærri og hækkuðu úr 476 milljónum króna árið 2006 í 654 milljónir króna árið 2007.



Tafla 1. Höfuðstóll allra vanskila. Meðaltal á vanskilamál

Að lokinni rannsókn skattrannsóknarstjóra er gerð skýrsla og á grundvelli hennar taka sérfræðingar embættisins ákvörðun um refsimeðferð. Þrjár leiðir koma til greina. Sú fyrsta er að málinu ljúki með fésekt hjá skattrannsóknarstjóra. Önnur er sú að málinu verði vísað til yfirséðanefndar til sektarmeðferðar. Þriðji kosturinn er að vísa máli til lögreglu. Sé málinu lokið innan stjórnsýslunnar, þ.e. hjá skattrannsóknarstjóra eða yfirséðanefnd, líkur málinu með fésekt. Sé máli vísað til lögreglu getur fangelsisrefsing verið dæmd til viðbótar fésekt. Hvaða leið er farin ræðst af alvarleika brots, þ. á m. fjárhæð vanskilanna.

	2003	2004	2005	2006	2007
SRS	0	0	0	40	42
YSKN	29	40	77	36	23
RLS	29	30	17	5	18
Samtals	58	70	94	81	83

Tafla 2. Fjöldi vanskilamála send í refsimeðferð

Viðurlög og refsíabyrgð

Viðurlög vegna vanskila á vörslufé eru tvennskonar; fésekt

og í alvarlegri tilvikum fésekt ásamt fangelsisrefsingu. Í lögum er fésektinni settur rammi bæði að lágmarki og hámarki. Þannig skal fésekt vera að lágmarki tvöföld sú skattfjárhæð sem undan er dregin og að hámarki tíuföld sú fjárhæð, að frádregnu álagi.

Með lagabreytingu frá árinu 2005 er nú heimilt að ákvarða fésekt lægri en tvöfalda undandregna skattfjárhæð að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Heimildin tekur einvörðungu til vanskilamála – brota sem einskorðast við það að standa ekki skil á réttilega tilgreindu vörslufé samkvæmt skýrslu eða skilagreini. Heimildin tekur því ekki til skattsvikamála, t. a. m. þar sem tekjur eru duldar. Þar skal fésekt nema að lágmarki tvöfaldri undandreginni fjárhæð, að frádregnu álagi.

Til að unnt sé að beita heimildinni og ákvarða fésekt lægri en tvöfalda undandregna skattfjárhæð þarf annað tveggja skilyrða laganna að vera uppfyllt; skil hafi verið gerð á verulegum hluta skattfjárhæðar eða málsbætur eru miklar. Þannig er heimilt að líta til greiðslna sem inntar eru af hendi til ríkissjóðs – þó eftir gjalddaga séu – þegar fésekt er ákvörðuð. Er þannig heimilt að horfa til þess hvort ríkissjóður hafi síðar verið firtur tjóni eða tjón hans takmarkað að verulegu leyti. Með breytingunni hafa því greiðslur til ríkissjóðs í enn ríkara mæli en áður þýðingu þegar fésekt er ákvörðuð.

Í dómaframkvæmd hefur verið talið að greiðslur þurfi að lágmarki að nema 1/3 af höfuðstól skuldarinnar til að þær teljist verulegar. Við það mat er horft til hvers greiðslutímabils virðisaukaskatts eða staðgreiðslu en ekki skuldarinnar í heild. Hafi greiðslum verið ráðstafað inn á álag vegna þeirra tímabila sem um er að ræða er farið með þær greiðslur eins og um sé að ræða greiðslur inn á höfuðstól og þeim ráðstafað upp í elstu skattskuld. Séu skilyrði talin uppfyllt til að fara niður fyrir fésektarlágmarkið hefur brot ekki talist vera alvarlegt þannig að fangelsisrefsingu verði beitt samhliða fésekt, sbr. t.d. dóm Hæstaréttar Íslands í máli nr. 469/2005.

Af hálfu yfirséðanefndar er auk greiðslna inn á höfuðstól skuldar og álags jafnframt horft til greiðslna inn á dráttarvexti og kostnað vegna vanskila á virðisaukaskatti og staðgreiðslu opinberra gjalda sem og greiðslna inn á opinber gjöld. Sambærilegur háttur er viðhafður við ákvörðun fésektar hjá skattrannsóknarstjóra. Hafi höfuðstóll skuldar verið greiddur upp hefur yfirséðanefnd ekki talið vera skilyrði fyrir beitingu fésektar, sbr. t.d. nýlegan úrskurð nefndarinnar nr. 55/2008.

Auk greiðslna gjaldanda til ríkissjóðs er horft til fleiri atriða við ákvörðun fésektar en rými er til að fjalla um í þessari grein. Er þó ljóst að greiðslur gjaldanda til ríkissjóðs og ráðstöfun innheimtumanns á þeim hafa grundvallarþýðingu þegar fésekt er ákvörðuð vegna vanskila á vörslufé.

Bryndís Kristjánsdóttir skattrannsóknarstjóri

„Þú finnur það mjög fljótt hvort þetta á við þig eða ekki“

Greinarhöfundur Tollpóstsins ákvað að taka viðtal við Agnesi Porvaldsdóttur tollvörð og forvitnast lítið eitt um þennan starfsmann tollstjóra.

Hver er Agnes Porvaldsdóttir?

Ég bý í Kópavogi, er fædd þar og uppalin. Stúdent úr MK og lítið þurft að fara út fyrir bæjarfélagið enda gott að búa í Kópavogi.

Hvað kom til að þú ákvaðst að sækja um starf hjá tollstjóranum í Reykjavík?

Ég stóð á ákveðnum tímamótum, var að líta í kringum mig og var bent á þetta starf. Mér fannst starfið virka áhugavert og tengjast áhugasviði mínu og rótunum líka. Ég er að vissu leyti alin upp innan löggæslunnar þar sem ég á föður, bróður og mágkonu sem eru lögreglumenn.

Hvert er þitt helsta áhugamál?

Ég er náttúrubarn númer eitt, tvö og þrjú og á mínar bestu stundir einhvers staðar uppi á fjöllum. Mér líður vel þegar ég ferðast, er úti í náttúrunni og losna úr skarkala borgarlífsins, sama hvort um er að ræða gönguferðir, ökuferðir eða flug. Útivistin tengist áhuga á björgunarstörfum og ég starfa í björgunarsveit. Ég held að það sé oft þannig að þú veljir ekki hlutina heldur velji hlutirnir þig, og þannig var það með björgunarsveitina. Það eru ekkert allir sem að finna sig í þessu eða endast í því. Þetta togar í mann tilfinningalega og þetta á við mig. Ég var orðin frekar „gömul“ þegar ég byrjaði, eða um 25 ára, sem er frekar hár aldur fyrir nýliða. Ég tók þá ákvörðun að ég ætlaði ekki að fara út í þetta fyrr en mér fyndist ég vera tilbúin og sé ekki eftir því. Ég hef lent í ýmsum erfiðum málum sem hafa reynt virkilega á mig og ég er ekki viss um að maður hefði staðið undir því 18, 19 ára gömul.

Hvernig gengur að sinna þessu áhugamáli og starfa sem tollvörður?

Þetta fer ágætlega saman þó það hafi kannski verið svolítið erfiitt með náminu í tollskólanum. Skólinn gengur fyrir og ýmislegt hefur þurft að víkja, þ. á m. björgunarsveitin. Ég er ekki jafn mikið í þessu daglega starfi innan björgunarsveitanna eins og ég var en það er náttúrulega bara tímabundið á

meðan skólinn er. Þetta er fyrst og fremst sjálfböðavinna og tekur mikinn tíma. Maður er mikið í þessu á kvöldin og um helgar fyrir utan að vera að kenna á námskeiðum hingað og þangað, en ég er leiðbeinandi í fyrstu hjálp og leitartækni í Björgunarskóla Slysavarnafélagsins Landsbjargar. Björgunarskólinn heldur utan um heildarmyndina en svo erum við starfandi innan sveitanna. Slysavarnarfélagið Landsbjörg er móðurfélagið en ég er félagi í Hjálparsveit skáta í Kópavogi.

Ert þú á útkallsvakt ef upp koma náttúruhamfarir?

Já ég er það. Þú byrjar að starfa í björgunarsveit sem nýliði og þarft að fara í gegnum 18 mánaða prógramm og standast próf. Það er ekki fyrr en þú ert búin að ljúka því sem þú hefur möguleika á að fara á útkallslista. Þennan tíma er verið að kenna grunninn í ótrúlega mörgum fögum. Fari menn að starfa við þetta mennta flestir sig eitthvað frekar, svo sem í leitartækni, sjóbjörgun, fjallabjörgun eða sem leiðbeinendur í fyrstu hjálp.

Finnst þér björgunarstörf fá þá viðurkenningu sem þeim ber?

Nei. Fyrst og fremst vegna þess að til þess að ekki sé lítið á okkur sem sjálfsagðan hlut þurfa að koma upp aðstæður eins og síðustu tvo vetur, og þá sérstaklega í desember síðastliðnum þegar voru fáránlega mörg útköll einfaldlega vegna þess að veðrið var þannig. Það er eins og við föllum í skuggann og gleymumst þegar er sól og sumar. Þetta sést t.d. greinilega á flugeldasöluinni fyrir áramót. Ef við erum áberandi í fjölmiðlum dagana og vikurnar fyrir þann tíma er töluvert meiri ásókn í flugelda frá okkur, frekar en leitað sé til einkaaðila, og það skiptir máli. En við eigum auðvitað okkar föstu viðskiptavinum.

Hefur þú tekið þátt í leit að týndu fólki?

Já margsinnis. Stór hluti af því sem leitarflokkanir gera hér innanbæjar er að leita á stígum, götum og í gördum og fara í fjöruleitir, þannig að ég er búin að ganga strandlengjuna nánast frá botni Hvalfjarðar til Keflavíkur.

Hvað með leit að hinni hefðbundnu rjúpnaskyttu?

Það hefur sem betur fer farið minnkandi undanfarin ár þar



sem veiðimenn hafa náð sér í meiri þekkingu og kannski að rjúpnaveiðibannið hafi haft eitthvað að segja. Fólk er orðið almennt meðvitaðra um að það þurfi að hafa ákveðin örygg-

istæki og gögn áður en lagt er af stað upp á fjöll.

Hefur þú tekið þátt í björgun úr snjóflóði?

Nei, en ég hef samt sem áður ákveðna grunnþekkingu á snjóflóðabjörgun sem er hluti af því námi sem maður þarf að fara í gegnum, en ég vona svo sannarlega að aldrei komi til þess að ég þurfi að taka þátt í slíkri björgun. Ástæðan er m.a. sú að móðurbróður minn var einn af þeim sem fór vestur á báða staðina þar sem snjóflóðin urðu og hann er ekki samur maður eftir það.

Hvað með áfallahjálp, er hún til staðar?

Já það er ákveðinn grunnstuðningur og við fáum stuðning hvert af öðru líka, en það er ofboðslega einstaklingsbundið hvernig fólk tekur á áföllum og hvert atvik fyrir sig hefur mismunandi áhrif á þá sem eru á svæðinu. Ég lenti t.d. í mjög erfiðri ferð upp á Eyjafjallajökul þegar ég var nýliði. Á leiðinni niður lentum við ofan í röngu gili sem varð til þess að við urðum að fara upp aftur í kolvitlausu veðri. Fólk var búið að gefast upp en við komumst samt mörgum tímum seinna í bæinn. Eftir þessa ferð hættu sex manns. Það

var vel tekið á móti okkur og talað við okkur en betur hefði mátt standa að ákveðnum atriðum.

Þarf fólk ekki að vera svolítið „skrítið“ til að hætta lífi sínu og limum mörgum sinnum á ári í leitir og fyrirbyggjandi aðgerðir á mannvirkjum þegar allra veðra er von?


Jú í raun og veru, því þú verður að vera tilbúin að henda öllu frá þér og rjúka af stað. En þetta er það sem björgunarsveitastörf ganga út á, að vera til staðar fyrir fólkið. Við erum ekki með her sem sér um þessa hluti, en þannig er fyrirkomulagið í mörgum öðrum löndum. Hér koma björgunarsveitirnar í staðinn fyrir her og aðstoða borgara í aðstæðum sem þeir ráða ekki við. Við fáum þjálfun og þekkingu til þess að geta tekist á við aðstæður og þú finnur það mjög fljótt hvort þetta á við þig eða ekki, og hvort þú hefur það í þér að vilja hjálpa náunganum án þess að fá nokkuð til baka nema ánægjuna.

Að lokum spyr ég þig Agnes, hvar keyptir þú fjölskyldupakkann af flugeldum fyrir síðustu áramót?

Hjá mínu fólki að sjálfsögðu.

Agnes Þorvaldsdóttir, kærar þakkir fyrir fróðlegt spjall og gangi þér allt í hagin.

gi



Upplýsingaréttur almennings veitir þrengstar heimildir til aðgangs að gögnum hjá stjórnvöldum. Upplýsingaréttur aðila sem upplýsingar fjalla um er nokkuð rýmri skv. upplýsingalögum. Aðgangur aðila stjórnsýslumáls er umfangsmestur og aðeins takmarkaður þegar sérstaklega stendur á.

Upplýsingaskylda embættisins

Hér verður leitast við að setja fram þær meginreglur sem gilda um upplýsingarétt í stjórnsýslu. Til einföldunar verður umfjöllunin afmörkuð við megin sjónarmið en ekki farið með nákvæmum hætti í undantekningar frá almennum reglum.

Reglur um upplýsingarétt þjóna markmiðum um opna og gagnsæja stjórnsýslu. Stjórnsýslan, og þar á meðal tollstjórnin í Reykjavík, starfar á grunni laga sem fulltrúar almennings samþykkja á Alþingi. Upplýsingaréttur eykur aðhald með stjórnvöldum og réttaröryggi borgara gagnvart stjórnsýslunni. Togstreita er á milli sjónarmiða um almennan upplýsingarétt og sjónarmiða um friðhelgi einkalífs þar sem andstæðir hagsmunir takast á.

Reglur um upplýsingarétt byggjast á mismunandi grunni. Það eru reglur um almennan upplýsingarétt og upplýsingarétt skráðs aðila sem byggjast á upplýsingalögum og lögum um meðferð persónuupplýsinga. Upplýsingaréttur aðila stjórnsýslumáls byggist á stjórnsýslulögum. Reglurnar eru mismunandi eftir því hver biður um upplýsingarnar og hvaða tengsl hann hefur við gögnin.

Almennur upplýsingaréttur

Almennur upplýsingaréttur byggist á upplýsingalögum og veitir almenningi aðgang að gögnum um tiltekin mál

sem hafa verið til meðferðar hjá stjórnsýslunni. Það er ekki nauðsynlegt að sá sem biður um gögnin hafi sérstök tengsl við málið eða sérgreinda hagsmuni af því að fá gögnin heldur er rétturinn fenginn almenningi. Almenningi gefst kostur á að fylgjast milliliðalaust með stjórnsýslunni. Einnig er almennur upplýsingaréttur mikilvægur fyrir fjölmiðla svo þeir geti veitt stjórnvöldum aðhald. Upplýsingaréttur nær til gagna mála hjá stjórnsýslunni. Gögn geta verið t.d. skjöl, myndir, teikningar, upptökur o.fl. Gögnin verða að vera til hjá stjórnsýslustofnun. Upplýsingaréttur felur ekki í sér rétt til þess að gögn verði búin til, t.d. hefur almenningur ekki rétt til þess að útbúið verði skýrsla um tiltekið mál.

Almennur upplýsingaréttur er víðtækur. Þó eru á honum takmarkanir sem koma til vegna hagsmuna ríkisvaldsins sem og einkahagsmuna borgara. Hagsmunir ríkisvaldsins felast í því að ýmis gögn ríkisvaldsins eru undanþegin upplýsingarétti þ. á m. eru ýmis skjöl ríkisráðs, bréfaskriftr vegna dómsmála, vinnuskjöl stjórnvalda o.fl. Þýðingarmikil takmörkun á upplýsingarétti er vegna einkahagsmuna, sbr. 5. gr. upplýsingalaga. Þar kemur fram að óheimilt sé að veita aðgang að gögnum um einka- og fjárhagsmálefni einstaklinga sem sanngjarnt og eðlilegt er að leynt fari. Ennfremur er óheimilt að veita aðgang að gögnum um

mikilvæga fjárhags- og viðskiptahagsmuni lögaðila. Þessi takmörkun á upplýsingarétti nær til flestra samskipta sem tollstjórar og innheimtumenn ríkissjóðs eiga við þá sem til þeirra leita. Í 6. gr. upplýsingalaga kemur fram að heimilt er að takmarka aðgang almennings að upplýsingum um ýmis viðkvæm mál vegna mikilvægra almannahagsmuna.

Beiðni um aðgang að gögnum máls þarf að vera afmörkuð við mál og tilgreina skal hvaða gögn beiðið er um. Stjórnvaldi er heimilt að krefjast þess að beiðnin sé sett fram skriflega.

Upplýsingaréttur skráðs aðila

Upplýsingaréttur skráðs aðila, þ.e.a.s. þess aðila sem gögnin fjalla um, byggist á öðrum grunni en almennur upplýsingaréttur. Einstaklingur hefur aðra og sérgreindari hagsmuni af því að fá aðgang að þeim gögnum sem er að finna um hann hjá stjórnvöldum. Í upplýsingalögum er ákvæði sem skyldar stjórnvöld til að veita einstaklingum aðgang að gögnum um þá sjálfa. Þó er hægt að takmarka þann rétt með vísan til mikilvægra almannahagsmuna eða einkahagsmuna annarra einstaklinga.

Lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga hafa einnig að geyma ákvæði um upplýsingarétt skráðra aðila.

Upplýsingaréttur aðila stjórnsýslumáls

Aðilar stjórnsýslumáls hafa sterkasta upplýsingaréttinn. Upplýsingaréttur aðila stjórnsýslumáls er mikilvægur svo aðili geti gætt hagsmuna sinna, nýtt sér andmælarétt og þekki forsendur stjórnvaldsákvörðunar til að meta það hvort kæra skuli ákvörðun. Upplýsingaréttur aðila stjórnsýslumáls sætir takmörkunum þegar sérstaklega stendur á. Takmörkun er eingöngu leyfileg þegar um er að ræða ríka almanna- eða einkahagsmuni sem vega mun þyngra en hagsmunir aðila málsins.

Þagnarskylda

Á starfsmönnum stjórnsýslunnar hvílir þagnarskylda byggð á almennum ákvæðum úr lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Slík almenn ákvæði víkja fyrir ákvæðum um upplýsinga- og stjórnsýslulaga. Sérstök þagnarskyldu-ákvæði ganga framur ákvæðum laganna. Sem dæmi um sérstakt þagnarskylduákvæði er t.d. 188. gr. tollalaga. Á innheimtumönnum hvílir einnig sérstök þagnarskylda sem er leidd af lögum um skatta.

Úrskurðarefnd um upplýsingamál og stjórn-sýslukærur

Synji stjórnvald almenningi um aðgang að gögnum máls er hægt að skjóta þeirri ákvörðun til úrskurðarnefndar um

upplýsingamál. Úrskurðarnefndin er sjálfstæð stjórnsýslu-nefnd og er skipað til hliðar við stjórnsýsluna. Nefndin úrskurðar um hvort stjórnvaldi sé heimilt að synja um aðgang að gögnum á grundvelli takmarkana í upplýsinga-lögum. Úrskurður nefndarinnar er endanlegur úrskurður á stjórnsýslustigi.

Óski aðili stjórnsýslumáls eftir aðgangi að gögnum máls en er synjað um það við meðferð stjórnsýslumálsins getur hann kært þá ákvörðun til æðra stjórnvalds áður en stjórnvaldsákvörðunin sjálf er tekin. Það er undantekning frá almennum reglum stjórnsýsluréttarins um kærur við meðferð stjórnsýslumála. Þessi sérstaka kæruregla undir-stríkar að réttur aðila stjórnsýslumáls að gögnum málsins er talinn sérstaklega mikilvægur fyrir vandaða meðferð stjórnsýslumáls.

Áhrif upplýsingaréttar á starfshætti stjórnvalda

Upplýsingalög og aðrar reglur um upplýsingarétt hafa margvísleg áhrif á starfshætti stjórnvalda. Þau leggja þær skyldur á stjórnvöld að þau gæti vel að skjalavörslu sem og skráningu munnlegra upplýsinga. Stjórnvaldi er ekki heimilt að komast hjá reglum um upplýsingarétt með því að halda ekki til haga gögnum eða skrá ekki munnlegar upplýsingar sem áhrif hafa á meðferð mála.

Berist stjórnvaldi beiðni um aðgang að gögnum ber samkvæmt lagaboði að svara henni svo fljótt sem unnt er. Dragist það lengur en sjö daga þarf að upplýsa aðila um ástæðu tafarinnar og hvenær megi vænta niðurstöðu í málinu.

Í þeim tilvikum sem heimilt er að takmarka aðgang aðila að gögnum máls ber skylda til að veita aðgang að hluta skjals ef þar er að finna upplýsingar sem ekki falla undir takmörkunina.

Jóhanna Lára Guðbrandsdóttir lögfræðingur

Heimildir og ítarefni

Upplýsingalögin, kennslurit eftir Pál Hreinsson

Stjórnsýslulög, skýringarit eftir Pál Hreinsson

<http://ursk.forsaetisraduneyti.is/>

Lagaskrá

Upplýsingalög nr. 50/1996

Stjórnsýslulög nr. 37/1993

Lög nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga

Lög nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins



Greinarhöfundur skokkar léttilega ásamt dóttur sinni

Í góðu líkamlegu formi starfsmenn tollstjóra taka sér tak

Það var í byrjun árs að sú hugmynd fæddist meðal nokkurra starfsmanna tollstjórans í Reykjavík að fara af stað með sameiginlegt heilsu- og líkamsræktaráttak og stefna að því markmiði að ná líkamsgetuprófi Tollskólans í desember 2008. Öllum starfsmönnum tollstjóra var boðin þátttaka og áttakinu loks hleypt af stokkunum í miðri „heilsuviku“ embættisins sem fram fór dagana 3. – 7. mars. Það var vel við hæfi að hefja áttakið í heilsuvikunni, en þá var starfsmönnum boðið uppá ýmiskonar heilsutengda fræðslu; fyrirlestra, heilsufarsmælingar og –ráðgjöf auk þess sem starfsfólki var boðið í hádegismat þar sem hollustan var höfð í fyrirrúmi og borðin svignuð undan dýrindis grænmetisrásum. Ekki spillti fyrir að á sama tíma var í gangi verkefnið „Lífshlaupið: landskeppni í hreyfingu“ þar sem landsmenn voru hvattir til að huga að daglegri hreyfingu sinni og auka hana eins og kostur væri, þ.e. í

frítíma, vinnu, skóla, við heimilisverk og val á ferðamáta. Einstaklingum, grunnskólum og fyrirtækjum bauðst að taka þátt í keppni um hver væri nú duglegastur að hreyfa sig, lið voru stofnuð og menn kepptust við að hreyfa sig á allrahandi máta og skrásetja afraksturinn á heimasíðu verkefnisins. Starfsmenn tollstjóra tóku virkan þátt í þessu verkefni og voru nokkur lið stofnuð sem kepptust við að hreyfa sig sem allra mest og safna sem flestum stigum.

Í heilsu- og líkamsræktaráttakið skráðu sig 25 manns og þar af tóku 20 þátt í stöðumati sem haldið var þann 5. mars í Laugardalshöllinni. Í prófið, sem var það sama og líkamsgetupróf Tollskólans, mættu 10 konur og 10 karlar af ýmsum starfsstöðvum embættisins og áttu margar deildir sína fulltrúa í hópnum. Prófið sjálft samanstóð af tveggja kílómetra hlaupi, 200 metra sundi, snerpuhoppi, kvíðæfingum og armbeygjum. Til að

ná prófinu þurftu karlar að hlaupa tvo kílómetra á 11 mínútum og konur á 12, bæði kynin skyldu synda 200 metra á 6 mínútum og ná 20 armbeygjum, í snerpuhoppinu þurftu karlar að hoppa að lágmarki 30 sinnum meðan konurnar komust upp með 25 skipti (á 30 sekúndum) og í kvíðæfingunum var gert ráð fyrir að karlarnir næðu 15 en konurnar 12.

Ekki var alveg laust við að kvíði læddist að einhverjum þátttakenda fyrir prófið – undirrituð getur allavega vottað um eigin kvíða sem lýsti sér m.a. þannig að heilmikilli andlegri orku var eytt í að spá og spekulera í því hvaða ráðum væri hægt að beita til að komast lífandi í gegnum það að hlaupa heila tvo kílómetra, áhyggjurnar náðu ekki einu sinni að tímafaktornum – í þessari lotu var aðalamálið að ná að hlaupa vegalengdina án þess að hníga niður á miðri leið. Aðrir höfðu meiri áhyggjur af öðrum hlutum svo sem eins og því að þurfa að synda hálfgerð blindsund

þar sem ekki voru til staðar sundgleraugu með styrk.

Það var eigi að síður kátur hópur sem mætti í Laugardalshöllina að morgni 5. mars – tilbúinn að taka slaginn og sjá hvernig þol og líkamsástand stæðist prófraunina! Þeir Elmar Hjaltalín og Oddur Jóhannsson sem séð hafa um líkamsgetupróf Tollskólans tóku á móti hópnum og dengdu fólki beint í léttu upphitun. Að upphitun lokinni var farið í stöðvaæfingarnar, byrjað á snerpuhoppinu – sem kom bara nokkuð vel út hjá öllum. Næstar voru armbeygjurnar og þar reyndi aðeins meira á, sem og í kvíðæfingunum sem verulega reyndu á þolrif sumra. Undirrituð getur til dæmis státað af því að hafa fallið í magaæfingum, og það allrækilega, svo slæm var útkoman að hún telst ekki einu sinni prenthæf. Þegar allir höfðu spreytt sig á stöðvaæfingunum ógurlegu var það hið kvíðvænlega tveggja kílómetra hlaup. Þar stóðu menn vissulega misjafnlega vel að vígi, í hópnum voru bæði hlaupaskussar eins og sú sem hér skrifar, sem hreinlega aldrei hefur hlaupið neitt að ráði yfir í fólk sem hefur náð frábærum árangri á því sviði. Þó vissulega hafi þó nokkrir náð að hlaupa vegalengdina á tilsettum tíma voru þeir þó fleiri sem þurfa að bæta sig, en segja má að fyrir okkur sum hafi það verið sigur í sjálfu sér að ná að hlaupa alla leið og það án þess að allur dagurinn færi í það! Að lokum skundaði svo allur hópurinn yfir í Laugardalslauginu og tók á honum stóra sínum fyrir síðasta liðinn í prófinu, 200 metra sundið. Að sundi loknu var ekkert eftir annað en að demba sér beint í heita pottinn og slaka aðeins á eftir átök morgunsins. Stöðuprófið var gott start á heilsu- og líkamsræktaráttakinu, fólk fékk tilfinningu fyrir því hvar það þyrfti að bæta sig, auk þess sem samveran við vinnufélagana á þessum óvenjulegu forsendum var hin besta skemmtan og frábært hópefli. Það er enn markmið hópsins að standast prófið í desember og nýta tækifærið til að koma sér í gott líkamlegt form.



Garðar Agnarsson,
yfirmatreiðslumeistari

Nýjungar í hádeginu

Matstofan í Tollhúsinu breytti talsvert um svip í vetur þegar fyrirtækið Krydd og kavíar tók við rekstri hennar. Tekin var upp sjálfsafgreiðsla og svöngum tollstarfsmönnum boðið upp á heitan mat, brauð, sem bakað er hjá fyrirtækinu, súpu og salatbar – allt eftir óskum hvers og eins.

Garðar Agnarsson, yfirmatreiðslumeistari hjá Kryddi og kavíar, segir að markmiðið sé að hráefni til matargerðarinnar sé bæði ferskt og hollt, en umhyggja og alúð sé nauðsynleg líka. „Við störfum eftir markmiðum Lýðheilsustofnunar og leggjum áherslu á að minnka alla fitunotkun. Við notum hvorki hveiti né smjör í súpur og sósar og sem minnst af olíu í salatsósar. Hins vegar getur fólk fengið sé margs konar olíu ef það vill bæta henni við matinn hjá sér.“

Fiskur er á matseðlinum tvisvar í viku, kjöt líka og einu sinni í viku, á miðvikudögum, er boðið upp á grænmetisrétt sem er með vinsælustu réttunum, jafnvel meðal sumra karlmanna sem hafa verið hvað íhaldssamastir í þessum efnum. Rúmlega 100 manns borða í matstofunni í Tollhúsinu á dag, mun fleiri en komu í mat þangað áður en Garðar og hans fólk tóku við stjórninni í marslok. Það sýnir að starfsfólkið hefur kunnað vel að meta léttan, ferskan og að sumu leyti óhefðbundinn mat í hádeginu.

Í haust og vetur ætla Krydd og kavíar að vera með næringarráðgjafa á sínum vegum og fá gestakokka annað slagið til þess að lifga upp á tilveruna með því t.d. að koma með hugmyndir að nýjum fiskréttum. Þá verður boðið upp á þemavikur, m.a. ítalska, mexíkóska og franska, en Garðar vann á veitingahúsum í Aix en Provence í Suður-Frakklandi 1994 – 1995 og er því vel kunnugur matreiðslu á þeim slóðum. „Ég vann á tveimur ólíkum veitingastöðum í Aix, annar var dæmigerður franskur staður, þar sem notuð var andafita við eldamennskuna ásamt miklum rjóma og sykri, svo manni lá við yfirliði eftir eina máltíð. Hinn var nútímalegri, meira í stíl við nýja franska eldhúsið. Ég hefði ekki trúað því hvað matargerð er Frökkum mikið hjartans mál og oft brýndu þeir raustina í eldhúsinu. Yfirmatreiðslumeistarinn var yfirleitt eigandinn og ekki þoldu allir þann aga sem ríkti. Ég fékk mikla reynslu þarna, tók m.a. einu sinni þátt í að elda fyrir Mitterand, forseta Frakklands, og Berlusconi, forsætisráðherra Ítalíu. Þá voru miklar öryggisráðstafanir gerðar í bænum og það var ekki fyrr en ég fór að spyrja að ég vissi fyrir hverja verið var að matreiða.“

Fyrirtækið Krydd og kavíar, þar sem starfa 13 – 15 manns, sérhæfir sig í því að búa til hádegismat og viðskiptavinirnir eru um 20 stofnanir og fyrirtæki, þ. á m. Arnarhóll, Nýsköpunarmiðstöð Íslands (áður löntæknistofnun), ríkisskattstjóri, Rarik, og Veðurstofa Íslands.

bg



Skipavaktin í máli og myndum


Skipavakt tollgæslunnar í Reykjavík sér um tollafgreiðslu skipa og flugvéla í Suðurvestrandsumdæmi sem nær frá Straumsvík norður í Gilsfjörð. Vaktin hefur á sinni könnu afgreiðslu allra skipa sem koma til hafnar á þessu svæði og flugvéla á Reykjavíkflugvelli, nema hvað hún fær yfirleitt aðstoð frá tollmiðstöðinni í Hafnarfirði við að afgreiða skip sem koma þangað á dagvinnutíma.

Við Guðmundur Birgisson flokksstjóri erum byrjaðir að tala saman um skipavaktina einn daginn í maí þegar hann þarf að svara kalli farsímans. Símtölin verða nokkur og ég heyri ekki betur en að skip sé að koma til hafnar, hlaðið varningi, og lóðsbáturinn haldi bráðlega til móts við það. Innan skamms er Guðmundur búinn að afgreiða málin og snýr sér ótruflaður að því að rekja hvernig tollafgreiðsla skipa og flugvéla í umdæmi tollstjórans í Reykjavík gengur fyrir sig.

Vaktir

Guðmundur segir fyrst almennt frá skipavaktinni, sem er til húsa í Tollmiðstöð við Héðinsgötu. Þar starfa nú tíu manns og flokksstjórnir sem eru tveir, Guðmundur og Ragnar Jóhannesson, vinna tvo daga í senn hvor á móti öðrum, alla daga ársins að meðtöldum stórhátíðum. Hinir átta eru á dag- eða næturvöktum, fjórar eða fimm vaktir samfelld, og fá jafnlöng frí inn á milli. Um þessar mundir er aðeins ein kona á skipavaktinni en um áramótin var skipting kynjanna jöfn. Ýmsar ástæður eru fyrir því að konurnar hurfu af vaktinni í bili, m.a. þurfti að færa til starfsmenn þegar kennsla í Tollskólanum hófst aftur.

Þetta fyrirkomulag á vöktum tók gildi í október síðastliðnum og hefur reynst vel. Guðmundur er þeirrar skoðunar að pappírsgreiðsla og leit að smygli eigi að tvinnast saman. Stefnan sé sú að hér séu allir fyrst og fremst tollverðir sem stefni að því markmiði að tollgæslan verði sem best, þó þeir hafi mismunandi hlutverk.



Rússneskt flutningaskip í Hafnarfjarðarhöfn á vetrarkvöldi



Álfutningaskip frá Ístanbul við Grundartanga



Næturvakt á Akranesi

Tollafgreiðsla skipa

Guðmundur segir að tollafgreiðsla skipa sé tiltölulega einfalt mál fyrir vana menn, en hún fer svona fram í stuttu máli: Skipstjórinn, sem er ábyrgur fyrir því sem er um borð, gerir á þar til gerðum eyðublaðum grein fyrir skipinu og farmi um borð ef um hann er að ræða, sem og forða, áhöfn og farþegum ef einhverjir eru. Síðast en ekki síst undirritar skipstjóri heilbrigðisyfirlýsingu um það m.a. að engir menn um borð séu haldnir næmri sótt eða geti hugsanlega valdið útbreiðslu hennar.

Áhöfnin gerir líka grein fyrir því sem hún er með á sérstöku eyðublaði. Tollgæslan stimplar svo það sem skipverjar mega fara með í land af áfengi og tóbaki og innsiglar forða skipsins.

Að þessu loknu gefur tollgæslan út samskiptaleyfi fyrir skipið sem hefur þá heimild til frjálsra samskipta við land í þessari ferð, hvar sem er á Íslandi, eins og segir í texta sem tollvörður undirritar í umboði tollstjóra.

Leitað og stundum fundið

Tollafgreiðsla skipa tekur svona 30 – 40 mínútur ef allir eru vel undirbúnir, en getur tekið talsvert lengri tíma þegar þarf að leiðbeina skipstjóranum í gegnum allt ferlið eins og getur gerst í erlendum skipum „Við höfum augun hjá okkur meðan skipið er tollafgreitt,“ segir Guðmundur, „en það þurfa að vera góðar ástæður fyrir því að stöðva för, hvort sem það eru skip eða flugvélar. Aðstæður hafa breyst frá því sem var hér á árum áður og hraðinn í viðskiptalífinu meiri. Skipin eru orðin stærri og það gefst minni tími til að leita í þeim.“

Skipavaktin heldur áfram að hafa eftirlit með skipum á meðan þau eru í höfn og tekur stikkprufur ef verið er að bera eitthvað í land, en það er hlutverk áhættugreiningardeildar, tollendurskoðunar og vöruskoðunardeildar að fylgjast áfram með farminum eftir að honum hefur verið skipað í land.

Eins og auðvelt er að ímynda sér hefur það góð áhrif á



Álfutningaskip frá Malasíu við Skarfabakka í Sundahöfn



Flutningaskipin Helgafell og Lómur á Sundunum. Í baksýn er Akranes



Svartapoka á Grundartanga. Flutningaskip á leið til lands



Í kvöldhúmi við Gróttu. Skemmtiferðaskip á útleið

starfsandann í tollgæslunni þegar smygl finnst og skipavaktin hefur t.d. náð miklu af áfengi og tóbaki það sem af er árinu sé miðað við árið í fyrra sem var ekki eins gott að þessu leyti. Guðmundur segir að það geti smitað út frá sér þegar ein vaktin byrjar að finna smygl því þá vilji tollverðir á næstu vakt ekki vera síðri og þannig myndist jákvæður keppnisandi. „Annars er hægt að mæla það hvort hlutirnir séu í lagi á mismunandi hátt. Við höfum haft þá vinnureglu í sambandi við einkaflugið að við förum inn í hverja einustu vél sem lendir hérna. Þegar umræðan um fangaflug bandarísku leynipjónustunnar, CIA, kom upp gátum við sagt að við teldum okkur vita hvað færi um flugvöllinn okkar. Það er árangur út af fyrir sig að þessi eining skuli sinna hlutverki sínu svo vel að hægt sé að fullyrða þetta.“

Reykjavíkurlugvöllur

Skipavakt er ekki að öllu leyti réttnefni á þessari einingu

innan tollgæslunnar því að stór hluti af verkefnum vaktarinnar felst í því að tollafgreiða flugvélar í Færeyja- og Grænlandsflugi. Lengi vel var auk þess að mestu um að ræða flugvélar sem verið var að ferja yfir hafið en síðustu þrjú árin hefur sífellt borið meira á einkapotum og nú er svo komið að þær eru miklu fleiri en ferjuflugvélnar. Farið er um borð í þessar flugvélar og lagerinn sem þær eru með skoðaður. Af því flugvöllurinn er opinn lætur tollgæslan flugstjórana gera grein fyrir forða í vélunum og við brottför þurfa þeir að sýna fram á að hann sé allur á sínum stað, ef þess er krafist.

Tollverðir á Reykjavíkurlugvelli vinna við mjög erfiðar aðstæður, en ekkert hefur verið gert í mörg ár til að bæta skilyrðin fyrir þá sem fara um flugvöllinn eða vinna þar vegna deilna um framtíð hans. Prengsli eru mikil í móttöku Flugfélags Íslands, til mikilla óþæginda bæði fyrir farþega og tollverði. Leitarklefinn í móttöku Flugfélagsins er t.d.



Pýski togarinn Odra kemur snemma morguns með grálúðu inn til Grundarfjarðar



Tollvörður við afgreiðslu skips



Tollafgreiðslu lokið og tollverðir á leið frá borði



Skemmtiferðaskipið Mona Lisa í Sundahöfn

vopnaleitarherbergi sem sett var upp eftir 11. september 2001 og tollgæslan hefur enga skrifstofuaðstöðu svo ekki er hægt að bjóða farþegum upp á greiða gjöld af vöru sem þeir hafa meðferðis né sinna annarri pappírsvinnu svo vel sé. Í þessum þrængslum geta tollverðir lent í talsverðu návígi við farþega sem er vitaskuld ekki æskilegt.

Tollvarðarstarfið

Aðstaða fyrir skipavaktina er á annarri hæð í bækistöðvum tollgæslunnar. Þar er setkrókur og sjónvarp til að styttu mönnum stundir, þó tollverðir á vaktinni verji reyndar mestum tíma sínum úti við eftirlit. Þarna eru líka tölvur á borðum og stórt kort af löndum og höfum jarðarinnar hangir á veggnum. Við Guðmundur rennum augum yfir öll þessi stóru hafsvæði og hann bendir á Höfðaborg í Suður-Afríku um leið og hann rifjar upp þá nákvæmustu siglingar-áætlun sem hann veit um, en hana gerði skipstjóri á skipi

sem sigldi frá Höfðaborg til Reykjavíkur og var aðeins tveimur tímum á eftir áætlun alla þessa löngu leið.

Tollvarðastarfið er eins og flest önnur störf skemmtilegast þegar vel gengur, en hvaða erfiðleikar fylgja starfinu helst? Guðmundur hugsar sig um og svarar þessu svo þannig að fólk haldi stundum að tollverðir hafi það í hendi sér að sveigja lög og reglur ef þeir vilja og þann misskilning geti gengið illa að leiðrétta. Góðir tollverðir þurfi því að sýna færni í mannlegum samskiptum, jafnt í svona tilvikum sem öðrum, og þeir verði að halda ró sinni við mismunandi aðstæður. Tollverðir þurfi líka að geta unnið nokkuð sjálfstætt, vera nákvæmir og auðvitað þekkja vel lögina og reglurnar sem unnið er eftir. Þeir þurfi líka að vera áhugasamir og úthaldsgóðir. Og Guðmundur verður allur eitt bros þegar hann bætir við að lokum: „Menn eru bara orðnir mjög góðir ef þeir hafa allt þetta til að bera.“

bg/ór



Fjölskyldan á góðum degi við Elliðaármör. Matthias Kilian (fjögurra ára), Adrian Erik (tveggja ára), Christian og Svanhvít

Der kleine Unterschied¹... eða afturhverft menningarsjokk

Í nóvember síðastliðnum fluttist ég aftur til Íslands eftir að hafa verið búsett í Þýskalandi í nær ellefu ár. Þá nokkurn veginn nákvæmlega þriðjung ævinnar. Þrátt fyrir þennan langa tíma hef ég eiginlega alltaf hugsað um sjálfa mig sem íslenska og talið að ég hefði ekki breyst mikið. Þess vegna má segja að það hafi verið nokkurs konar menningararáfall að flytja aftur heim og komast að því að Þjóðverjinn hafði náð að síast svolítið inn hjá mér. Það hefur vakið nokkra kátínu, og þá sérstaklega hjá sjálfri mér, að sjá hvaða smáatriði það voru sem voru orðin mér eðlislæg án þess að ég hefði veitt því nokkra athygli.

Þetta byrjaði allt með því að ég kom hérna heim í fyrrasumar í heimsókn með fjölskylduna og hafði þá ekki komið til landsins í rúmlega tvö og hálf ár. Ekki af því að ég vildi það ekki, heldur vegna barneigna, prófa, veikinda og

hreint út sagt blankheita. Allavega var alltaf jafn yndislegt að koma heim. En mér brá nokkuð þegar ég fór fyrst í verslun og stúlkan sem var að afgreiða þúaði mig! Ich darf doch herzlich bitten! Þekki ég þig? Þangað til það rann upp fyrir mér að auðvitað var ég stödd á Íslandi, þar sem enginn þérar neinn nema í hæsta lagi í bréfi. Þetta var nokkuð stórt áfall fyrir mig, þó afskaplega hlægilegt væri. Að komast að því að íslenska sjávarþorpsstelpa, sem fannst ekki einu sinni að verið væri að tala við hana þegar hún var þéruð, brást við með að verða hálfmóðuguð af því hún var þúuð úti í búð. Þetta truflaði mig líka fyrst til að byrja með í starfi, þar sem mér fannst afskaplega erfitt að þúa yfirmenn. Hver þúar yfirmenn? Það er bara eitthvað sem maður gerir ekki í Þýskalandi, jafnvel þó fólki komi afskaplega vel saman og eigi langt samstarf að baki.

¹ Smámunir skipta máli...

„was man nicht schreibt, gibt es nicht“

Formlegheitin, sem trufluðu mig svo fyrst eftir að ég fluttist út, féllu sem sagt brott. Allt í einu bráðvantaði mig þetta öryggisnet sem þau eru. Því goggunarröð og formfesta veita mikinn styrk þegar maður er að byrja einhvers staðar að nýju. Þýski hlutinn hefur varðveist, í starfi sem og annars staðar. Ég er til dæmis afskaplega hrifin af því að gera áætl-anir um hluti og störf. Hreint út sagt öfunda ég ekki vesal-ings samstarfsfólkið sem ég stekk á og vil fá að ákveða eitthvað fimm mánuði fram í tímann, þetta gerir vaninn. Smám saman er þetta þó að lagast hjá mér. Mér finnst þessi afslappaða samvinna og samskipti sem ég á við samstarfsmenn hérna afskaplega þægileg og ég vinn vel í þessu umhverfi. Það breytir þó engu um að ég er enn mjög hrifin af því að undirbúa hlutina langt fram í tímann.

Hluti af öryggisnetinu eru starfssamningar. Ég er afskap-lega hrifin af að hafa alla hluti skriflega og held mig eins og bókstafstrúarmanneskja við mottó þýskra embætta: „was man nicht schreibt, gibt es nicht“. Það er að segja að það sem ekki er skrifað er ekki til. Sönnunarbyrði og fleira skemmtilegt spilar að sjálfsögðu þarna inn í. Þar fyrir utan er þýskur atvinnumarkaður mjög frábrugðinn þeim íslenska. Langvarandi og mikið atvinnuleysi hefur orðið til þess að fólk er öruggt og hefur ástæðu til. Það er að verða vel þekkt að fólk er látið vinna reynslutímann sinn, sem eins og á Íslandi er sex mánuðir, en er svo bara skipt út fyrir næsta umsækjanda, því af nógu er að taka. Það er því ekki sjálfgefið að verða fastráðinn, jafnvel þó maður vinni sína vinnu (að sjálfsögðu) vel og samviskusamlega. Starfssamningurinn minn er mér því mikið hjartans mál og hefur nokkuð verið brosað að því.

Ég hef líka lært að telja upp á nýtt til dæmis hæðir í húsum. Starfsstöðin mín er að Skúlagötu og við vinnum á annarri og þriðju hæð hússins. Þar fyrir utan eru tvær skrifstofur alveg upp undir þaki, þangað sem maður kemst aðeins með því að nota sérleiðir, ekki í gegnum aðalstiga-ganginn, en nóg um það. Einn af fyrstu dögnum átti ég (sem vinn á annarri hæð) að sækja eitthvað upp á þriðju hæð. Ég man nú ekki hvað það var, enda skiptir það ekki máli. Svo ég skokka af stað og hleyp upp stigana. Stend svo upp á stigapalli þaðan sem ég kemst ekkert lengra, verulega pirruð yfir að vera send eitthvað í tilgangsleysi og farin að hugsa um hvort einhver væri að leyfa sér smá apríl-grín á aðventunni. Ég var búin að þramma um í smástund eins og hauslaus hæna þegar ég uppgötvaði að ég var að telja á þýsku! Því að Þjóðverjar telja jarðhæð, fyrsta, önnur! Ergo: það sem mér fannst (án þess að hafa nokkuð hugsað um það) vera þriðja hæð, var auðvitað sú fjórða og ekkert

að finna þar. Ég hló mig máttlausa yfir þessu og flestir þeir sem hafa fengið að heyra af því líka.

Þá fékk ég líka að heyra að ég talaði með hreim, frábært. Ég fór frá því að vera í Þýskalandi og tala með hollenskum, sænskum, norskum eða hverjum þeim hreim sem fólk datt í hug að spyrja um, yfir í það að koma til Íslands og tala með þýskum hreim. Ekki hafði ég orðið vör við það. Mér skilst að þetta komi ennþá aðeins í gegn þegar ég hef verið að tala þýsku. Þá var nokkuð átak í byrjun að setja sögnina ekki aftast í setningu. Ég þurfti meira að segja einu sinni eða tvisvar virkilega að skrifa setningu upp á nýtt með sögnina á öðrum stað. Ég var því afskaplega fegin því að geta fengið ágæta samstarfsmenn mína til að lesa yfir fyrir mig því stundum vildi þýskan læðast í gegn í það sem ég var að skrifa í hvert skipti. Eins vekur það mikla kátínu þegar hér og þar skolast inn hjá mér þýskt orð eða ég hreinlega byrja að tala þýsku við einhvern.

„Bara vatn“ er nokkuð sem heyrir mikið á veitingastöð-um. Gott fólk, svona frábært vatn eins og á Íslandi er ekki sjálfsgættur hlutur. Þá sérstaklega ekki ókeypis, í könnu og með ís út í. Ég hef nokkrum sinnum verið beðin um að gera fólk þann greiða að læra loksins að drekka bjór, þar sem ódýrara er að fá sér bjór með mat heldur en vatn. En mér finnst hann bara ekki góður svo ég lærði ekki að drekka bjór á þessum ellefu árum mínum í landi bjórsins, þrátt fyrir alveg hreint ótrúlegt úrval og margs konar tegundir (hefe-weizen, pils, dunkles, helles o.s.frv.).

Opnunartímar eru líka eitthvað sem ég þurfti að venjast. Nú í apríl hafði ég ástæðu til að þurfa að kaupa í matinn að morgni dags og hafði hugsað mér að skreppa bara í Bónus. Ég hugsaði alls ekkert út í að þeir ágætu menn opna ekki fyrr en um hádegi. Fyrir mig var það enn algjör-lega sjálfsgætt að stórmarkaðir opnuðu klukkan 7 eða 8 á morgnana. Svo ég þurfti að bíta saman tönnunum og fara í 10 – 11.

Die Moral der Geschichte?² Ég tel að mér hafi tekist nokkuð vel að taka það besta úr báðum „heimum“ og ég nýti mér það í lífi og starfi. Vinna vel og leika sér vel er mottó sem virkar mjög vel. Nú þegar sumarið er loksins farið að þora að líta fyrir horn og koma í heimsókn og farið er að stytast í að maðurinn minn komi til að vera hérna hjá okkur, börnunum mínum líður vel og vaxa og dafna og ég er í starfi sem mér líkar afskaplega vel – þá veit ég ekki um nokkurn stað sem ég myndi frekar vilja vera á heldur en nákvæmlega hér.

Svanhvít Reith lögfræðingur

² Hver er svo boðaskapur sögunnar?



Tollskóli ríkisins

Tollskóli ríkisins er starfræktur við embætti tollstjórans í Reykjavík samkvæmt reglugerð um skólann, setningu og skipan í störf við tollendurskoðun og tollgæslu. Markmið skólans er að veita tollvörðum og starfsmönnum í tollendurskoðun grunn- og sérmenntun í ýmsum greinum á sviði tollgæslu og tollheimtu ásamt því að sinna sérhæfðu og almennu fræðslustarfi fyrir annað starfsfólk tollstjóraembættanna á landsvísu. Einnig heldur skólinn námskeið um ýmis atriði á sviði tollamála fyrir þá sem eiga í samskiptum við tollayfirvöld. Tollstjórinn í Reykjavík veitir skólanum forstöðu en skólastjóri sér um stjórnun og daglegan rekstur. Skólastjóri er Gunnlaug Hartmannsdóttir en hún hóf störf sem starfsprunarstjóri hjá tollstjóranum í Reykjavík í desember 2007.

Tollskóli ríkisins hefur verið starfræktur með lögbundnum hætti frá árinu 1967. Starfsemi skólans var endurskoðuð árið 2005 og gerðar grundvallarbreytingar á skipulagi námsins. Byrjað var að kenna eftir nýrri námsskrá í janúar 2006. Í kjölfar þess var allt fræðslustarf embættisins sameinað undir merkjum skólans. Markmið endurskoðunarinnar var að efla skólann og auka menntun tollvarða í samræmi við síauknar kröfur um færni í starfi. Starf tollvarða hefur tekið miklum breytingum á undanförunum árum í takt við breytingar í þjóðfélaginu, s.s. síaukna alþjóðavæðingu, aukinn innflutning og ferðalög.

Grunnnám Tollskólans skiptist í kjarnanám I og II sem síðan skiptist í tveggja vikna námslotur. Við lok hverrar lotu

er prófað úr námsefninu og þurfa nemendur að ná lágmarkseinkunninni 6,0. Helstu námsgeinar skólans eru: tollalöggjöf og stjórnkerfið, tollflokkan, tollgæslufræði, náms-tækni, íslenska, enska, heimspeki, áfallastreita, búningur og ímynd, skýrslugerð, skyndihjálpi og verklegar æfingar. Við lok námsins vinna nemendur lokaverkefni þar sem þeim gefst tækifæri til að dýpka skilning sinn á völdum þáttum sem tengjast starfinu. Verkefnið tekur viku og vinna nemendur það í tveggja til fjögurra manna hópum.

Starfsnám nemenda fer fram samhliða bóklegu námi. Með því að skipta náminu í skilgreindar námslotur gefst ákveðinn sveigjanleiki til að laga námið að aðstæðum hverju sinni. Nemendur þurfa ekki allir að hefja nám á sama tíma ársins auk þess sem þeir geta lokið námi sínu á mismunandi tíma. Einnig býður þetta fyrirkomulag upp á að starfsmönnum embættisins, öðrum en tollvörðum, gefst einnig kostur á að sækja einstakar námsgreinar innan Tollskólans eftir því sem pláss leyfir. Grunnnámið í Tollskólanum er því gott tækifæri fyrir starfsmenn embættisins til að stunda sí- og endurmenntun.

Skólinn er smár í sniðum og byggist öll kennsla hans því á stundakennurum; skólastjórinn er eini fasti starfsmaður skólans. Kennarar eru ýmist starfandi sérfræðingar í tollamálum eða utanaðkomandi samstarfsaðilar. Áhersla er lögð á vandaða og góða kennslu og hefur kennurum m.a. staðið til boða að sækja námskeið í kennslufræði fullorðinna til að efla sig í starfi. Kennt er frá klukkan 8:10 til 16:00 virka

daga á meðan á lotu stendur og gefinn er einn upplestrar-
dagur fyrir próf. Kennslufyrirkomulagið er fyrirlestrar og
lokapróf sem gildir 100% en einnig er nokkuð um verkefna-
vinnu og verklegar æfingar.

Fyrsti hópurinn sem stundaði nám samkvæmt nýrri
námskrá útskrifaðist í desember 2007, sjö tollverðir og
einn tollendurskoðandi. Í júní sl. bættust svo tveir tollverðir í
þann hóp. Í janúar 2008 innrituðust 14 nemendur í skólann.
Af þeim hópi eru 11 nemendur enn við nám, þrír hafa hætt
störfum hjá embættinu og þá um leið námi við skólann.
Óhætt er að fullyrða að nemendur skólans hafi staðið sig
með prýði í námi sínu og er meðaleinkunn þeirra nemenda
sem nú stunda nám 8,1. Þessi hópur mun ljúka námi í
febrúar 2009 og er þá gert ráð fyrir að nýr hópur geti hafið
nám í mars 2009.

Með nýrri námskrá var tekin upp sú nýbreytni að halda
inntökupróf fyrir þá sem hyggja á tollgæslunám eða nám í
tollendurskoðun. Inntökuprófið er þrjúþætt: almennt þekking-
arpróf, tungumálapróf þar sem metin er kunnátta í ensku,
íslenski málfræði og stafsetningu auk líkamsgetuprófs sem
skiptist í stöðvaæfingar, hlaup og sund. Nemendur í tollend-
urskoðun þurfa ekki að þreyta líkamsgetupróf. Inntökupróf
er að jafnaði tekið strax við ráðningu í starf tollvarðar.

Af öðru fræðslustarfi skólans má nefna að skipulagt nám
fyrir stjórnendur hófst hjá embættinu í janúar sl. í samvinnu
við Endurmenntun Háskóla Íslands. Námið er 64 kennslu-
stundir sem skiptist upp í 16 lotur, fjórar kennslustundir
hver, átta lotur á vorönn og átta á haustönn. Alls eru 26
þátttakendur í stjórnendanáminu, 14 frá tollstjóranum í
Reykjavík og 12 frá öðrum embættum. Í náminu er farið í
ýmsa þætti sem lúta að stjórnun og starfsmannamálum svo
sem mannauðsstjórnun, samskipti á vinnustað, breytinga-
stjórnun, lausn ágreiningsmála, verkefnastjórnun og þjón-
ustustjórnun. Náminu lýkur í desember og er þá ráðgert að
annar hópur stjórnenda fari í námið þannig að allir stjórnend-
ur embættisins hafi fengið sömu grunnmenntun í stjórnun.

Námskeið í verkefnastjórnun var haldið fyrir starfsmenn
sem stjórna og taka þátt í verkefnum hjá embættinu. Náms-
skeiðið var hugsað sem grunnnámskeið í verkefnastjórnun
þar sem grundavallarhugtök verkefnastjórnunar voru kynnt.
Þátttakendur fengust við raunhæf verkefni þar sem unnið
var með áætlanir þeirra umbóta- og þróunarverkefna sem
unnið er að hjá embættinu. Þátttakendur á námskeiðinu
voru 20 starfsmenn frá flestum deildum embættisins.

Leiðbeinandi var Helgi Þór Ingason, forstöðumaður meist-
aranáms í verkefnastjórnun við verkfræðideild Háskóla
Íslands. Fyrirhugað er að bjóða upp á samskonar námskeið
í haust auk framhaldsnámskeiðs fyrir þá sem sóttu nám-
skeiðið í vor.

Fræðslufundir hafa verið haldnir einu sinni í mánuði á
vorönn og er ráðgert að framhald verði á þeim í haust.
Fundunum er ætlað að vera vettvangur starfsmanna til að
kynna samstarfsfólki starfsemi deilda og afmörkuð við-
fangsefni. Guðbjörn Guðbjörnsson reið á vaðið og kynnti
verkefni sem hann tók þátt í hjá WCO, því næst fræddi
Jóhanna Lára Guðbrandsdóttir okkur um upplýsinga-
skyldu embættisins og Guðlaugur Ómar Tómasson sagði
frá reynslu sinni af starfsnámi hjá EFTA. Á fyrsta fundi
haustsins mun Sigfríður Gunnlaugsdóttir fjalla um tollinn í
alþjóðlegu umhverfi. Dagskrá fræðslufunda næsta vetrar
verður send öllum starfsmönnum í september. Auk þessa
hafa verið í gangi fræðslufundir fyrir starfsfólk á innheimtu-
sviði þar sem fjallað hefur verið um hin ýmsu málefni er
varða innheimtuna og má þar nefna m.a. stjórnsýslureglur
og innheimtu, makainnheimtu, vanskilainnheimtu og þjón-
ustugæði.

Á vegum Tollskólans hefur verið boðið upp á námskeið
í tollskýrslugerð fyrir þá sem starfa við inn- og útflutning
aук þess sem starfsmenn tollmiðlara hafa sótt 100 stunda
lögbundið námskeið til að fá starfsleyfi sem tollmiðlarar.
Starfsmönnum embættisins hefur einnig staðið til boða
að sækja þessi námskeið. Það sem af er árinu hafa verið
haldin tvö námskeið í tollskýrslugerð og eitt námskeið fyrir
tollmiðlara sem lýkur í september. Kennsla á námskeiðun-
um er í höndum sérfræðinga hjá tollstjóranum í Reykjavík.
Í samvinnu við Fjársýslu ríkisins hafa verið haldin nokkur
námskeið í greiðslukerfi TBR. Þátttakendur á námskeiðun-
um hafa verið starfsmenn tollstjórans í Reykjavík og starfs-
menn sýslumannsembætta um land allt.

Pegar þetta er ritað er hlé á starfsemi skólans vegna
sumarleyfa og skipulagning fræðslustarfs næsta vetrar í
fullum gangi. Skólinn mun hefjast aftur í byrjun september
og verður þá send út dagskrá fyrir haustið. Á dagskránni
verður m.a. námskeið í dönsku, verkefnastjórnun, áhættu-
greiningu og skyndihjálpi, auk þess er verið að vinna drög
að skipulagi náms fyrir starfsfólk á innheimtusviði sem
stefnt er á að hefjist í janúar 2009.

Gunnlaug Hartmannsdóttir skólastjóri



Heimspeki í Tollskólanum

Námskeið í heimspekilegum forspjallsvísindum hefur verið haldið tvívegis í Tollskóla ríkisins og hefur undirritaður annast kennsluna. Námskeiðið var prufukeyrt haustið 2006 og endurtekið nú í maí 2008. Kennt er þrjá morgna frá kl. 8:10 til 12:20 (mánudag til miðvikudags) og námskeiðinu lýkur með skriflegu prófi í vikulok. Kennslan fer fram í fyrirlestrum, en nemendur vinna einnig hópaverkefni og gera grein fyrir niðurstöðum sínum í tíma. Lesefnið samanstendur af fræðigreinum og bókarköflum. Segja má að þetta námskeið sé styttri útgáfa af fyrri hluta skyldunámsskeiðsins Heimspekileg forspjallsvísindi sem undirritaður hefur haldið um árabíl við Lagadeild Háskóla Íslands.

Viðfangsefni námskeiðsins eru tvenns konar. Annars vegar er fjallað ítarlega um gagnrýna hugsun og hins vegar um siðfræði. Er tímanum skipt nokkuð jafnt á milli þessara tveggja þátta. Gagnrýnin hugsun hefur verið skilgreind sem sú hugsun sem fellst ekki á neina skoðun eða fullyrðingu fyrr en hún hefur rannsakað hvað í henni felst og fundið fullnægjandi rök fyrir henni. Slíkri hugsun er jafnan lýst sem forsendu framfara í vísindum og fræðum. Í námskeiðinu reifum við og ræðum sex helstu þætti gagnrýnnar hugsunar, misítarlega þó. Samkvæmt þeirri greiningu er gagnrýnin hugsun í fyrsta lagi rökræða en ekki kappræða. Sannleikur er markmið rökræðunnar en í kappræðu kæra menn sig kollótta um sannleikann en leitast þess í stað við að sannfæra viðmælendur sína með mælskulist og mælsku-brögðum. Í öðru lagi einkennist gagnrýnin hugsun af þrotlausri viðleitni til að viðurkenna vanþekkingu sína. Frá dögum Sókratesar í fornöld hafa heimspekingar bent á hve

ríka tilhneigingu mannfólkið hefur til að þykjast vita hitt og þetta sem það hefur í raun enga þekkingu á. Það er því allt annað en léttur leikur að viðurkenna vanþekkingu sína. Í þriðja lagi lýtur gagnrýnin hugsun því boðorði að trúa ekki á ófullnægjandi forsendum, að bæla ekki efasemdir sínar, að stunda heiðarlega rannsókn áður en maður myndar sér skoðun. En það má einnig lýsa gagnrýninni hugsun, í fjórða lagi, sem færni í að greina rökfærslur, gildar frá ógildum og góðar frá slæmum. Það er höfuðviðfangsefni rökræðinnar. Fimmta einkenni gagnrýnnar hugsunar sem við ræðum stuttlega í námskeiðinu snertir greinarmun þann sem er á athugun (skynjun) og ályktun. Sá sem hugsar gagnrýnið temur sér að rugla ekki saman ályktun annars vegar og athugun hins vegar. Í sjötta og síðasta lagi ræðum við ítarlega um mikilvægi þess að hafa skilgreiningar á hugtökum skýrar og einfaldar. Þetta er eitt af veigamestu verkefnum þess sem temur sér gagnrýna hugsun. Það getur reynst feikilega erfitt að skilgreina hugtök sem við notum hversdagslega og teljum okkur gjörþekkjja – lesandinn gæti t.d. spreytt sig á að skilgreina hugtakið umburðarlyndi – en án skýrra skilgreininga er hættu á misbeitingu hugtaka, að þau séu notuð í annarlegum tilgangi. Reynslan sýnir t.d. að skilgreina má hugtakið ofbeldi á svo víðan og losaralegan máta að nota má það til að koma höggi á saklaust fólk.

Síðari hluti námskeiðsins fjallar, eins og fyrr segir, um siðfræði. Heimspekileg siðfræði er sú fræðigrein sem rannsakar og greinir siðferðið. Að þessu leyti er fræðigreinin skyld mannfræði og félagsfræði sem lýsa háttum manna

og síðum, en öfugt við þær greinar leitast siðfræðin einnig við að gagnrýna og bæta siðferðið. Þetta gerir hún í ljósi viðmiða eða hugsjóna. Heimspekingar hafa í aldanna rás leitast við að skýra ýmis viðmið sem nota má til að gagnrýna og bæta mannlegt siðferði. Hér má t.d. nefna hugmyndir um manneðlið (að gott siðferði virði þá hugmynd að maðurinn er í eðli sínu skynsemisvera), um almannaheill (að gott siðferði stuðli að hamingju sem flestra), um sáttmála (að siðferði hvíli á einhvers konar sáttmála) eða um skylduna (að sá sem hegði sér siðferðilega geri skylduna skyldunnar vegna og af engum öðrum ástæðum). Hægt er að nota slíkar grundvallarhugmyndir til að greiða úr siðferðilegum ágreiningi og rökstyðja siðareglur.

Oft þegar við ræðum um siðferði látum við nægja að vísa til venju, yfirvalds eða þá, sem algengast er, til tilfinninga. Okkur finnst að svona eða hinsegin eigi hlutirnir að vera. Okkur misbýður eitthvert athæfi og teljum það því siðlaust. Heimspekileg siðfræði hafnar slíkum vinnubrögðum; hún krefst haldgóðra raka. Það er hér sem greining á helstu þáttum siðferðis getur verið gagnleg. Meginsviðum siðferðis hefur verið lýst sem siðareglum (boðum og bönnum), dygðum og löstum (hér er spurt um hvað einkenni góða eða farsæla manneskju), verðmætum og gildum (einkum siðferðilegum verðmætum á borð við réttlæti, vináttu og frelsi) og hlutverkabundnum skyldum (foreldris, starfsmanns, tollvarðar o.s.frv.).

Í námskeiðinu reifum við og ræðum þessi svið og spyrjum hvernig skilningur á þeim getur auðveldað okkur að rökstyðja siðferðilega afstöðu okkar eða réttlæta siðferðilega breytni og reglur. Segi einhver, svo dæmi sé tekið, að tiltekin athöfn eða gjörð sé siðlaus verður hann að dómi heimspekinga að geta rökstutt afstöðu sína með því að vísa á þau siðferðilegu verðmæti sem í húfi eru eða löstinn sem birtist í athöfninni o.s.frv.

Í námskeiðinu leitumst við einnig við að nota þessa til-
tölulega einföldu greiningu á meginsviðum siðferðis til að glöggva okkur á siðareglum starfsstétta og fagfélaga, einkum tollvarða. Þá er spurt hverjar séu helstu dygðir/lestir tollvarða, hvað einkenni góðan/slæman tollvörð, hver séu helstu siðferðilegu verðmætin sem tollverðir standa vörð um (hjá læknum er það heilbrigði, hjá lögmönnum réttur og réttlæti) o.s.frv. Nemendur vinna m.a. verkefni sem hverfast um þessar spurningar en segja má að svör við þeim séu liður í þeirri viðleitni að skrásetja siðareglur starfsstétta. Siðareglur tollvarða hafa ekki verið skrásettar enn sem komið er en leiða má líkur að því að þær séu hliðstæðar siðareglum lögreglumanna sem skoðaðar voru í námskeiðinu.

Tollverðir hafa staðið sig vel og verið vel með á nótunum í heimspekináminu. Þeir hafa leyst greiðlega úr verkefnum sem lögð voru fyrir í tíma og fjölmargar athyglisverðar hugmyndir og uppástungur hafa komið fram um siðareglur tollvarða. Hópurinn sem tók námskeiðið í vor virðist kominn vel á veg með að hugleiða helstu álitaefni um siðferði tollvarða og þau virðast hafa góðan grunn til að skrásetja siðareglur tollvarða. Uppástungur þeirra um siðareglur lutu að frumskyldum tollvarða (framfylgja lögum og stuðla að almannaheilli), helstu starfsskyldum þeirra (rík áhersla var t.d. lögð á að hafa einfaldar og skýrar siðareglur um gjafir og veitingar á vettvangi), og skyldum við starfssystkini (að styðja hvert annað í starfi og rögbera ekki). Nemendurnir hafa faglegan metnað sem lofar góðu fyrir stéttina.

Sennilega sækja fáir tollskóla til að lesa heimspeki! Reynslan er hins vegar sú að sé rétt haldið á málum geta bæði kennari og nemendur haft gagn og gaman af.

Róbert H. Haraldsson, prófessor við Háskóla Íslands

Nýliðakynning

Dagana 27. og 28. maí sl. fór fram nýliðakynning hjá tollstjóranum í Reykjavík. Samtals tóku 30 manns þátt í kynningunni en nokkur tími er liðinn frá því að slík kynning var síðast haldin. Fyrri dagurinn hófst á ávarpi Snorra Olsen tollstjóra og svo kynntu forstöðumenn starfsemi og hlutverk helstu starfssviða hjá embættinu. Eftir hádegi var farið yfir ýmis hagnýt atriði sem tengjast starfsmannahaldi og tölvumálum.

Seinni daginn var farið í rútuferð og allar starfstöðvar embættisins heimsóttar. Þátttakendur töldu kynningu sem þessa mikilvæga og góða leið til að fá heildarmynd af starfsemi embættisins. Að lokum var hópurinn beðinn um að meta dagskrána og komu þá ýmsar góðar ábendingar sem tekið verður mið af við skipulag næstu nýliðakynningar.



Nýliðar fræddir um embættið

Könnun SFR: Stofnun ársins

Nýverið voru kynntar niðurstöður úr „Stofnun ársins, könnun SFR - stéttarfélags í almannajónustu“. Könnunin, sem framkvæmd var á tímabilinu 1. febrúar – 12. mars, var gerð meðal félagsmanna auk starfsmanna 35 stofnana sem ekki eru félagsmenn í SFR. Alls voru 5599 einstaklingar í endanlegu úrtaki og svarhlutfallið 58% (3256 svör).

Hjá tollstjóranum í Reykjavík var könnunin aðeins gerð meðal félagsmanna í SFR. Spurningalistanum svöruðu 45 félagsmenn af 63 sem gáfu kost á sér í úrtakið og var svarhlutfallið því 71%.

Niðurstöður

Stofnanir ársins 2008 eru Ríkisskattstjóri í flokki stærri stofnana og Skattrannsóknarstjóri ríkisins í flokki minni stofnana.

Af 42 stofnunum í flokki stærri stofnana lendir tollstjórinn í Reykjavík í 40 sæti listans þegar reiknuð hefur verið heildareinkunn (vegið meðaltal) allra þátta sem spurt var um: trúverðugleika stjórnenda, launakjör, vinnuskilyrði, sveigjanleika í vinnu, sjálfstæði í starfi, ímynd og stolt af stofnun og starfsanda.

Á mynd eitt má sjá einkunn hvers þáttar þ.e. meðaltal þeirra spurninga sem falla undir viðkomandi þátt.




Mynd 1: Einkunn hvers þáttar.

Meðaltalið getur legið á bilinu 1 – 5 (mjög óánægð/ur – mjög ánægð/ur, þegar spurt er um ánægju). Af þessum sjö þáttum má sjá að þátttakendur upplifa starfsanda hvað best (3,84) og launakjör hvað verst (1,88). Þess má geta að mismargar spurningar liggja að baki hvers þáttar eða á bilinu þrjár (starfsandi, launakjör) til tólf spurningar (trúverðugleiki stjórnenda).

Tíu hæstu meðaltölin

Á mynd tvö má sjá meðaltöl tíu spurninga og fullyrðinga sem komu hvað best út í þessari könnun.



Mynd 2: Tíu hæstu meðaltölin.

Af þeim varða fjórar sveigjanleika og samræmingu vinnu og fjölskylduábyrgðar; SFR starfsfólk getur farið úr vinnu með litlum fyrirvara til að sinna aðkallandi erindum í einkalífi sínu, á auðvelt með að samræma vinnu og fjölskyldulíf, hefur svigrúm til að útrétta í vinnutímanum þegar nauðsyn krefur og á auðvelt með að taka fri á þeim tíma sem því hentar. Tvær spurningar varða vinnuskilyrði, annars vegar öryggi á vinnustað og hins vegar tölu- og tækjabúnað. Hvort tveggja er SFR starfsfólk ánægt með. Tvær fullyrðingar varða sjálfstæði í starfi þ.e. hvort starfsfólk hafi góð tök á öllum þáttum starfs síns og telji markmiðin í starfi sínu vera skýr. SFR starfsfólk er sammála báðum fullyrðingum. Að lokum varða tvær fullyrðingar starfsanda. SFR starfsfólki kemur vel saman við samstarfsfólk sitt og er sammála því að samskipti séu opin og hispurslaus meðal samstarfsfólks síns.

Tíu lægstu meðaltölin

Á mynd þrjú má sjá meðaltöl tíu spurninga og fullyrðinga sem fengu lægsta einkunn.



Mynd 3: Tíu lægstu meðaltölin.

Af þeim varðar ein sveigjanleika. Spurt er hvort viðvera sé frjáls og segir SFR starfsfólk svo ekki vera. Þrjár spurningar varða launakjör en SFR starfsfólk er frekar óánægt með launakjör sín, telur þau heldur verri en á öðrum sambærilegum vinnustöðum og er frekar ósammála þeirri fullyrðingu að launakjör séu ákveðin af sanngirni. Þrjár fullyrðingar varða stjórnendur, bæði yfirstjórn og næstu yfirmenn. Spurt er hvort starfsmaður fái stuðning og hvatningu frá yfirstjórn og hvort yfirstjórn virði starfsfólk mikils. SFR starfsfólk er hlutlaust í afstöðu sinni til þessara fullyrðinga líkt og í afstöðu sinni til fullyrðingar þess efnis að næsti yfirmaður hafi hjálpað starfsmanni að bæta frammistöðu sína í starfi. Að lokum varðar ein fullyrðing hrós og ein ímynd stofnunar. SFR starfsfólk er frekar ósammála fullyrðingu þess efnis að starfsfólki sé hrósað þegar það stendur sig vel í starfi og er hlutlaust í afstöðu sinni til fullyrðingar um að afstaða viðskiptavina til stofnunarinnar sé jákvæð.

Verkefni

Verkefni á áætlun um umbætur í starfsmannamálum og í verkefnaáætlun 2008 miða með einum eða öðrum hætti að því að bæta starfsskilyrði hjá embættinu og líðan starfsfólks á vinnustaðnum, þ.m.t. þá þætti sem spurt var um í könnun SFR. Eftirfarandi verkefni eru nú ýmist í undirbúningi eða framkvæmd:

- Fræðslufundir
- Stjórnendanám
- Aukinn sveigjanleiki – Bætt þjónusta

- Val, þjálfun og mat á frammistöðu starfsmanna á gámagegnumlýsingarbifreið
 - Afgreiðslusalur á Tryggvagötu – Betri ásýnd
- Um leið og svigrúm skapast hefst undirbúningur næstu verkefna:


- Fyrirmyndarþjónustuver
- Skilvirkt upplýsingastreymi
- Einelti
- Fóstrakerfi
- Starfsmannasamtöl
- Umsjón með einkennisfatnaði tollvarða
- Nám fyrir starfsfólk í innheimtu

Samvinna

Frá því að könnun SFR var framkvæmd hefur sú breyting orðið að nýr aðili, Krydd og kaviar, hefur tekið við rekstri mötuneytisins í Tollhúsinu. Á boðstólum er heilsusamlegur og góður matur starfsfólki embættisins á Tryggvagötu til mikillar ánægju. Heilsuvika var haldin í byrjun mars með tilheyrandi fræðslu, heilsufarsmælingum og hópefli. Þá hefur félagslífið á vormánuðum verið blómlegt, að baki er vel heppnuð árshátíð og tuskudagar. Þetta eru dæmi um jákvæðar aðgerðir og breytingar sem stjórnendur vænta að bæti starfsskilyrði hjá embættinu og líðan starfsfólks á vinnustaðnum. Höldum áfram á sömu braut og vinnum saman að settum markmiðum – framlag allra skiptir máli.

Linda Rut Benediktsdóttir,
forstöðumaður þjónustu- og gæðamála

Skipurit



Skrifstofa tollstjóra

Þann 8. febrúar sl. tók gildi nýtt skipurit fyrir embætti tollstjórans í Reykjavík. Nýja skipuritið var gefið út að undangenginni endurskoðun á eldra skipuriti sem fram fór í upphafi árs. Ein af breytingunum sem gerðar voru með nýja skipuritinu var að setja á lagginnar skrifstofu tollstjóra.

Á skrifstofunni, sem heyrir beint undir tollstjóra, er gert ráð fyrir að fram fari ýmiskonar sérfræðivinna sem ekki verði unnin innan sviða embættisins. Markmiðið með starfsemi skrifstofunnar er að styrkja yfirstjórn embættisins og stuðla að umbótum, nýsköpun og faglegri framþróun í starfsemi stofnunarinnar. Helstu verkefni skrifstofunnar eru þjónustu- og gæðamál, alþjóðamál ásamt lögfræðilegri ráðgjöf og sérfræðivinnu. Starfsmenn á skrifstofu tollstjóra eru í dag fimm talsins, lögfræðingarnir Hermann Guðmundsson, Sigurgeir A. Jónsson og Sigurður Skúli Bergsson aðstoðartollstjóri, Linda Rut Benediktsdóttir MPM, forstöðumaður þjónustu- og gæðamála og Sigfríður Gunnlaugsdóttir MA, alþjóðafulltrúi. Á meðfylgjandi mynd má sjá staðsetningu tollstjóraskrifstofunnar í skipuriti embættisins.

Sigurður Skúli Bergsson aðstoðartollstjóri



Farmvernd

sem hluti af siglingavernd

Upphaf siglingaverndar / farmverndar má rekja til hryðjuverkanna í Bandaríkjunum 11. september 2001. Í framhaldi af þeim atburðum tók gildi ný alþjóðleg siglingaverndaráætlun sem byggist á samþykkt Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar um öryggi mannlífa á hafinu (Solas 1974) auk kóða um skipa og hafnavernd (ISPS CODE). Hvort tveggja var undirritað í London í desember 2002.

Undirbúningur farmverndar

Vegna hinna nýju samþykktu um siglingavernd skipaði samgönguráðherra stýrihóp í maí 2003 til að skilgreina hvað fælist í áður nefndum samþykktum. Fyrir hönd tollstjórans í Reykjavík sat Sigurður Skúli Bergsson aðstoðartollstjóri í nefndinni. Nefndin varð samála um að fela tollayfirvöldum í landinu eftirlit með farmflutningum og að útbúa reglur um farmvernd.

Í febrúar 2004 skipaði fjármálaráðuneytið sérstakan starfshóp sem skyldi gera tillögur að reglum um farmvernd og 1. júlí það ár tóku slíkar reglur gildi

í tengslum við lög um siglingavernd nr. 50/2004.

Farmverndarkerfið og kynning þess

Í marsmánuði 2004 var hafist handa um að finna leiðir til að hafa eftirlit með útflutningi. Í upphafi var ákveðið að reyna að nýta rafrænt umhverfi eins og kostur væri. Gunnar Karlsson, sérfræðingur í deild tölvukerfa, tollafgreiðslu og upplýsingavinnslu hjá tollstjóranum í Reykjavík, var tilnefndur af hálfu deildarinnar ásamt undirrituðum en Sigurður Skúli Bergsson stýrði vinnunni. Þá þegar var leitað eftir samvinnu við Skýrr og smám saman varð til það farmverndarkerfi sem er notað í dag. Strax í upphafi var ákveðið að koma á beinum tengslum við útflutningsfyrirtæki og jafnframt að gefa skipafélögum og flutningsaðilum tækifæri á að gerast aðilar að kerfinu. Stjórn þessa kerfis er miðlæg og berast allar umsóknir um aðild til tollstjórans í Reykjavík. Þar eru þær afgreiddar og aðgangur sendur rafrænt til um-

sækjenda. Innsigli eru einnig afgreidd eftir pöntunum sem berast rafrænt.

Árin 2004 og 2005 bárust rúmlega 250 umsóknir um aðild að kerfinu en núna eru 314 fyrirtæki skráð í kerfið og hjá þeim eru skráðir 1.215 farmverndarfulltrúar. Þetta á við um fyrirtæki á öllu landinu.

Áðurnefnd ár var farið á allar toll- og lögreglustöðvar á landinu og voru þeir löggæslumenn sem vinna að farmverndarmálum á hverjum stað tengdir inn í kerfið. Í sömu heimsóknnum voru skilin eftir innsigli með númerum sem voru eyrnamerkt hverju embætti fyrir sig. Hugsunin á bak við þá aðgerð var, að ef til þess kæmi af einhverjum ástæðum að rjúfa þyrfti innsigli þá gæti viðkomandi löggæsluaðili sett sitt innsigli í staðinn og breytt um leið númeri í hinu rafræna kerfi. Í dag eru starfsmenn, bæði tollverðir og lögreglumenn, sem aðgang hafa að kerfinu samtals 134 á öllu landinu.

Siglingavernd tekin út

Í byrjun maí sl. gerðu eftirlitsmenn

frá Eftirlitsstofnun EFTA (EFTA Surveillance Authority – ESA) og fulltrúi Evrópusambandsins úttekt á siglingavernd á Íslandi.

Úttektin var tvískipt, annars vegar á öllum helstu stofnunum sem koma að siglingaverndinni s.s. Siglingastofnun Íslands, tollstjóranum í Reykjavík, ríkislögreglustjóra, Vaktstöð siglinga og Landhelgisgæslu Íslands og hins vegar á innleiðingu og framkvæmd siglingaverndar við íslenskar hafnir. Að þessu sinni var gerð úttekt á einni hafnaraðstöðu. Endanleg niðurstaða liggur ekki fyrir en vitað er að engin athugasemd var gerð við stjórn-sýslu þeirra stofnana sem stóðu að innleiðingu siglingaverndar. Jafnvel höfðu eftirlitsmennirnir á orði að hér væri að finna dæmi um mjög góða framkvæmd siglingaverndar (e. best practice).

Þá er lokið samantekt úr skýrslum sérfræðinga frá bandarísku strand-gæslunni (U.S. Coast Guard), en þeir gerðu úttekt á innleiðingu og framkvæmd siglingaverndar á Íslandi í apríl 2007. Í samantektinni segir að gott samræmi sé í stjórnun og samhæfingu verkefna þeirra aðila sem standa að siglingavernd á Íslandi og gott upplýsingaflæði sé milli Siglingastofnunar og hafnaryfirvalda. Starfsvenjur og verklag við siglingavernd telja sérfræðingarnir vera til fyrirmyndar, þ.m.t. fagleg þjálfun hafnargæslumanna og farmverndarkerfi tollstjórans í Reykjavík.

Tollstjórinn í Reykjavík setur reglur um farmvernd eins og áskilið er í siglingaverndarlögum, en aðrir tollstjórar hafa eftirlitsskyldu með framkvæmd farmverndar og eru tengdir farmverndarkerfinu eins og áður sagði.

Frá upphafi farmverndar til aprílloka í ár hafa verið fluttar út eftirfarandi farmeiningar samkvæmt skrángu: 125.668 innsiglaðir gámar með vörum, 3.233 farmar í lausu (mjöl, brota-járn og vikur), 42 farmar sem dælt hefur verið um borð (lýsi, olía), 6.896 opnar einingar og 1.651 tengivagn.

Brynjólfur Karlsson deildarstjóri



TBR námskeið

Í vor höfðu Fjársýsla ríkisins og tollstjórinn í Reykjavík samstarf um að halda nokkur námskeið í TBR kerfunum í húsakynnum Tollskólans, Skúlagötu 17. Kennslu-aðstaðan er til fyrirmyndar, rúmgóð stofa með tölum fyrir átján nemendur og fín aðstaða fyrir kennara. Halldór Jóhann Harðarson, Kristján G. Ólafsson, Guðjón Á. Ríkharðsson og Máni Radmanesh sáu um kennsluna fyrir hönd Fjársýslu ríkisins. Jóhanna Lára Guðbrandsdóttir og Una Dagbjört Kristjánsdóttir kenndu fyrir hönd tollstjórans í Reykjavík.

Boðið var upp á kaffi og meðlæti í hléum, og bæði nemendur og kennarar voru hæstánægðir með alla umgjörð námskeiðanna.

Í apríl voru haldin tvö námskeið í vanskilakerfi TBR þar sem farið var ítarlega yfir þriðja aðila innheimtu. Farið var yfir alla ferla þriðja manns innheimtu, stofnun vanskilareikninga og hvaða vanskilamerkingar tilheyra viðkomandi ferlum. Skoðuð voru atriði sem þarf að hafa í huga áður en reikningar eru stofnaðir og hvernig hægt er að nálgast gögn til að hefja vanskilainnheimtu hjá þriðja aðila.

Í maí voru haldin tvö almenn námskeið í greiðslukerfi TBR fyrir byrjendur og þá sem vilja hressa upp á þekkingu sína á TBR-G. Farið var yfir helstu greiðslumyndir í greiðslukerfinu og í stöðuupplýsingar í myndinni Gjaldandi – stöður og hreyfingar í innheimtukerfi TBR. Starfsmenn tollstjóra, Jóhanna Lára og Una Dagbjört, fóru yfir ýmsar góðar starfsvenjur, vinnureglur og góða siði sem hafa ber í heiðri í starfi gjaldkera ásamt því að fara stuttlega yfir skuldajafnaðarreglur í verklagsreglum tollstjóra. Einnig var farið yfir vinnuferli við AX launagreiðendadreifingar og BX magngreiðslur vegna bankareiknings og rennt stuttlega yfir ýmislegt sem getur komið upp á í greiðslukerfinu. Þá var spurningum þátttakenda svarað hverju sinni. Yfirleitt virtust þátttakendur vera nokkuð ánægðir með námskeiðin og er það von Fjársýslunnar að þátttakendur hafi haft bæði gagn og gaman af námskeiðunum og að þau nýtist þeim í starfi.

Í júnímánuði var haldið eitt sérhæft námskeið í greiðslukerfi TBR og var það námskeið hugsað fyrir þá starfsmenn tollstjóra og sýslumanna um allt land sem hafa unnið lengur við kerfið. Farið var ítarlega í ýmis atriði sem gott er að vita og hafa í huga við vinnu með greiðslukerfi TBR, t.d. greiðsluforgang í kerfinu, skuldajöfnuð og leiðréttingar, greiðsluáætlanir og vanskilareikninga, tengsl TBR-G við TBR-I, TBR-Á og TBR-Va. Einnig var fjallað um skilagreinar RSK, vinnuferli við dreifingar AX greiðslna og BX magngreiðslna, takmarkaða skattskyldu, tryggingagjald vegna erlendis búsettra og fleira.

Stefnt að því að halda fleiri TBR námskeið næsta vetur og verða þau auglýst síðar. Væntanlega verða eitt til þrjú námskeið í vanskilakerfinu, eitt eða tvö í greiðslukerfinu og mögulega eitt eða tvö yfirlitsnámskeið fyrir stjórnendur.

Halldór J. Harðarson, deildarstjóri hjá Fjársýslu ríkisins



Hefur þú **upplýsingar** um ólöglegan
innflutning:

Fíkniefni, áfengi o.s.frv.? Láttu **okkur** vita
í síma **552 8030** eða á **www.tollur.is**.

Nafnleyndar er gætt.

